

Þingeyjarskóli

Rekstur og framtíðarskipulag

Þingeyjarsveit

Unnið fyrir sveitarstjórn

Samantekt

Inngangur

- Að beiðni sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar, með vísan til samþykktar á fundi sveitarstjórnar 19. júní og 3. júlí 2014, tók skýrsluhöfundur að sér að gera athugun á rekstri Þingeyjarskóla og gerð tillagna um framtíðarskipulag skólans.

Þingeyjarskóli, grunnskóladeildir

- Þingeyjarskóli var stofnaður 1. ágúst 2012 þegar tveir grunnskólar, Hafralækjarskóli og Litlulaugaskóli, voru sameinaðir í eina stofnun.
- Fyrsti til tíundi bekkur eru í hvorri grunnskóladeild, þ.e. á hvorum stað.
- Þingeyjarskóli er rekinn í sex deildum, tvær grunnskóladeildir, tvær leikskóladeildir og tvær tónlistarskóladeildir, í fimm byggingum.
- Einn skólastjóri er yfir sameinaðri stofnun, Þingeyjarskóla.
- Tveir aðstoðarskólastjórar eru við skólann, einn yfir hvorri grunnskóladeild. Síðan eru fjórir deildarstjórar, einn yfir hvorri leikskóladeild og einn yfir hvorri tónlistarskóladeild.
- Þannig er yfirstjórn skólans samansett af samtals sjö stjórnendum.
- Hver þessara sex deilda í skólanum er rekin nokkuð sjálfstæð.
- Yfirstjórn skólans er nokkru viðameiri en þarf skv. grunnskólalögum.
- Hver deild í skólanum er í reynd rekin sem sjálfstæð eining. Á hvorum stað, Laugum og Hafralæk, eru reknar þrjár einingar, þ.e. leikskóladeild, grunnskóladeild og tónlistarskóladeild.
- Skólaárið 2014-2015 er stöðugildi skólaliða á Litlulaugum 1,83%.
- Á Hafralæk eru þrír skólaliðar í 2,28 stöðugildum. Skólaliðar annast jafnframt ræstingar.
- Skólastjóri fær útskrift úr aðalbók um hver mánaðamót.
- Skólastjóri samþykkir alla reikninga vegna allra deilda skólans. Þegar fjárheimildir skv. fjárhagsáætlun klárast er reynt að draga saman eða færa á milli liða og/eða sótt er um aukafjárveitingu.
- Að sögn skólastjóra hefur hann lítið komið að fjárhagsáætlunargerð frá sameiningu skólanna.
- Skólaakstur hefur ekki verið boðinn út.
- Við skólann eru rekin tvö mötuneyti í húsnæði grunnskóladeilda á hvorum stað.

- Leikskóladeildirnar fá mat frá hvorri grunnskóladeild.
- Almennir starfsmenn við skólann greiða ekki fyrir fæði en kennarar greiða það sama og nemendur.
- Eins og tafla 2 sýnir fór nemendum fækkandi samtals í skólunum fyrir sameiningu. Þeim fækkar samtals á milli ára öll árin fram til 2012. Árið 2012 voru nemendur samtals 70 en voru 78 haustið 2014.
- Nemendum hefur fækkað um níu frá því sem var í Litlulaugaskóla árið 2005 samanborið við það sem nú er í skóladeildinni í Litlulaugaskóla.
- Á sama tímabili hefur nemendum fækkað um 38 frá því sem var í Hafralækjaskóla árið 2005 samanborið við það sem er nú (haust 2014) í skóladeildinni á Hafralæk.
- Samtals hefur nemendum fækkað um 47.
- Eins og tafla 3 sýnir var kostnaður á hvern nemanda hæstur í Þingeyjarskóla í samanburði við sambærilega skóla.
- Benda má á að kostnaðurinn er hærri en í Grunnskólanum austan Vatna í Sveitarfélaginu Skagafjörður en sá skóli er rekinn á þremur stöðum.
- Launakostnaður á hvern nemenda var 2.025 þús. kr. hjá Þingeyjarskóla, grunnskóladeild, samanborið við 1.052 þús. kr. þar sem hann var lægstur.
- Einnig er annar rekstrarkostnaður á hvern nemenda mjög hár hjá Þingeyjarskóla í þessum samanburði.
- Eins og tafla 4 sýnir er verð á skólamáltíð lægst hjá Þingeyjarskóla í þessum samanburði, eða 318 kr. á hverja máltíð.
- Eins og tafla 6 sýnir var Þingeyjarskóli með fæsta nemendur á hvert stöðugildi af samanburðarskólunum, eða 3,1 nemanda.
- Skólinn er með fæsta nemendur á hvert stöðugildi kennara ásamt Grunnskólanum austan Vatna, eða 4,8 nemendur.
- Margar spurningar vakna um skóla með 3,1 nemanda á hvert stöðugildi.
- Ef fjöldi nemenda á hvert stöðugildi væri eins og hann er fjölmennastur í þessum samanburði, eða 5,1, hefðu stöðugildin við skólann verið 13,7 en þau voru 22,4, þ.e. 8,7 stöðugildum fleiri.
- Eins og tafla 8 sýnir hefur nemendum á hvert stöðugild kennara og annarra starfsmanna farið fækkandi. Einnig hefur nemendum fækkað á hvert stöðugildi samtals.
- Flestir voru nemendurnir á hvert stöðugild samtals árið 2005, eða 4,2. Til samanburðar voru nemendurnir á hvert stöðugildi samtals árið 2014 komnir niður í 3,2. Fóru niður í 2,9 nemendur á hvert stöðugildi haustið 2013.
- Það er mat skýrsluhöfundar að eitt af markmiðum, sem sveitarstjórn eigi að setja sér í skólastefnu, sé fjöldi nemenda á hvert stöðugildi. Þannig að ef þeim fækkar verði málið skoðað og leitað skýringa.
- Skólaliðar voru í 4,1 stöðugildi, eða 18,8 nemendur á hvert stöðugildi skólaliða.

- Heildarlaun við grunnskóladeild skólans hækka um 58,9% á milli áráanna 2012 og 2013, fara úr 91,5 millj. kr. í 145,5 millj. kr. árið 2013.
- Yfirvinna og orlof á yfirvinnu var 14,3% af föstum launum kennara og 9,8% af föstum launum annarra stafsmanna árið 2013.
- Vakin er athygli á kostnaði vegna gæsluyfirvinnu kennara en telja verður nokkuð kostnaðarsamt að hafa kennara til að gæta nemenda í frímínútum á yfirvinnukaupi. Ætla má, miðað við fjölda skólaliða, að ekki eigi að vera þörf á þessu.
- Eins og tafla 12 sýnir er hlutfall yfirvinnu af mánaðarlaunum hjá kennurum nokkuð hátt hjá Þingeyjarskóla í þessum samanburði.
- Hlutfallið var einungis hærra hjá einum skóla. Það er mat skýrsluhöfundur að sveitarstjórnir eigi að marka sér stefnu um hvert þetta hlutfall eigi að vera og jafnframt að ekki sé óeðlilegt að markmiðið sé eins og það er t.d. hjá Grunnskóla Fjallabyggðar, 5,6%, Grunnskóla Grundarfjarðar, 5,2%, og Grunnskólanum í Hveragerði þar sem það var 5,7%.
- Til samanburðar var það 14,3% hjá Þingeyjarskóla árið 2013, sem verður að teljast nokkuð hátt hlutfall.
- Yfirvinna og önnur laun hjá öðrum starfsmönnum en kennurum sem hlutfall af mánaðarlaunum er hátt í samanburði við það sem gerist hjá mörgum öðrum sveitarfélögum. Þetta hlutfall var 9,8% árið 2013.
- Mörg sveitarfélög hafa tekið alfarið fyrir það að greidd sé yfirtíð til annarra starfsmanna við skóla nema þá til húsumsjónarmanns. Rökin eru þau að vinnutími annarra starfsmanna sé að jafnaði á tímabilinu frá kl. 8:00 til 16:00. Skólahald er yfirleitt frá kl. 8:00 til 14:00, þannig sé erfitt að færa rök fyrir því að greiða þurfi yfirtíð. Að sjálfsgöðu geta hér verið undantekningar.
- Tafla 14 sýnir fjölda nemenda í hverjum bekk á Hafralæk í Þingeyjarskóla. Eins og taflan sýnir er samkensla í öllum árgöngum. Kennt er í fjórum bekkjum.
- Fæstir nemendur eru í 1. og 2. bekk eða sjö nemendur. Jafnmargir eru í samkenslu 5., 6. og 7. bekkjar og 9. og 10. bekkjar eða samtals 11 nemendur í hvorum hópi.
- Að meðaltali eru 9,5 nemendur í hverri bekkjardeild.
- Á Litlulaugum er kennt í fimm bekkjardeildum, eða einni fleiri en á Hafralæk þó heildarfjöldi nemenda sé aðeins tveimur fleiri. Fjölmennast er í 1. og 2. bekk, eða 12 nemendur, en fæstir eru nemendurnir í 3. og 4. bekk, eða fimm.

Þingeyjarskóli, leikskóladeildir

- Hádegismatur vegna Krílabæjar kemur tilbúinn frá grunnskóladeildinni á Litlulaugum.
- Skólástjóri annast uppáskrift á reikningum fyrir leikskóladeildirnar.
- Deildarstjórar leikskóladeilda skipuleggur alla starfsemina á leikskóladeildum og í reynd bera þeir ábyrgð á starfsemi deildanna.

- Skólastjóri og deildarstjórar leikskóladeilda hafa ekki reglulega fundi.
- Lítil samskipti eru á milli deildarstjóra leikskóladeilda.
- Deildarstjórar leikskóladeilda sitja ekki starfsmannafundi hjá grunnskólanum.
- Launaútgjöldin hækka um 20,2% á milli áráanna 2012 og 2013 á Krílabæ.
- Á sama tíma hækkaði launavísitala opinberra starfsmanna hjá sveitarfélögum um 4,7%.
- Mánaðarlaun hækkuðu um 12%. Yfirvinna tæplega þrefaldaðist á milli áráanna.
- Yfirvinna, álag og orlof á yfirvinnu er nokkuð hátt hlutfall árið 2013 hjá leikskóladeild, Krílabæ, eða 18,1%.
- Mörg sveitarfélög hafa svo til alveg tekið fyrir yfirvinnu á leikskólum.
- Launaútgjöldin hækka um 20,4% á milli áráanna 2012 og 2013 á Barnaborg, sem eins og hjá Krílabæ er langt umfram almennar hækkanir hjá opinberum starfsmönnum hjá sveitarfélögum.
- Yfirvinna, álag og orlof á yfirvinnu var 25,1% af mánaðarlaunum, sem er hátt hlutfall og herra en það var hjá Krílabæ, leikskóladeild.

Pingeyjarskóli, tónlistardeild

- Rætt var við deildarstjóra tónlistardeildar á Hafralæk. Fram kom að ekki væri mikil samvinna á milli tónlistardeilda í Pingeyjarskóla.
- Fáir nemendur eru utan grunnskólans.
- Engin kennsla fer fram í yfirvinnu. Kennsla fer fram frá byrjun skóladags á morgnana og þar til að nemendur fara heim í lok skóladags.
- Nemendur eru teknir úr tímum í grunnskóladeild til að fara í tíma í tónlistardeild.
- Eins og tafla 27 sýnir hækka mánaðarlaun tónlistardeildarinnar á Litlulaugum á milli áráanna 2012 og 2013 um 3,4%. Hins vegar hækka heildarlaunagjöldin um 7,4%, sem skýrist af því að bifreiðastyrkur tvöfaldast og yfirvinna hækkar nokkuð hlutfallslega.
- Eins og fram kemur í töflu 26 og 27 eru launagjöld vegna tónlistardeildar á Hafralæk og Litlulaugum áþekk miðað við árið 2013. Voru samtals 10,3 millj. kr. á Hafralæk og 10,8 millj. kr. á Litlulaugum.

Tillögur

- **Lagt er til að athuga með að hafa allt skólahald í sama húsnæði og þá annað hvort á Hafralæk eða Litlulaugum. Verði það niðurstaðan verði áfram rekinn leikskóli þar sem grunnskólinn verður ekki.**
- **Lagt er til, nái tillaga eitt fram að ganga, að rekinn verði sjálfstæður leikskóli þar sem grunnskólinn verður ekki.**
- **Lagt er til að fækka stjórnendum verði tekin ákvörðun um að hafa allt skólahald**

á einum stað.

- Lagt er til að athuga hvort hægt sé að draga úr yfirvinnu kennara annarri en vegna forfallakennslu.
- Lagt er til að húsvörður verði eini starfsmaður skólans sem hafi fasta yfirtíð. Jafnframt að öll vinna annarra starfsmanna en kennara verði endurskipulögð þannig að ekki komi til þess að greiða þurfi fyrir yfirtíð.
- Lagt er til að yfirvinna á leikskóladeildum verði tekin til endurskoðunar með það að markmiði að draga úr henni.
- Lagt er til að vinnutíma þeirra, sem mæta fyrir kl. 8:00 til að opna, verið hagað þannig að tíminn fyrir kl. 8:00 rúmist innan dagvinnutíma þeirra.
- Lagt er til að hætt verði að greiða aukalega vegna umsjónar með íbúðum í húsnæði grunnskólans á Hafralæk. Þetta verði gert með skipulagsbreytingum.
- Lagt er til að lögð verði áhersla á það við forstöðumenn að óheimilt er skv. sveitarstjórnarlögum að fara fram úr fjárheimildum skv. fjárhagsáætlun.
- Lagt er til að skólastjóri komi meira að gerð fjárhagsáætlunar en verið hefur.
- Lagt er til að deildarstjórar samþykki reikninga fyrir sínar deildir sem skólastjóri síðan staðfestir.
- Lagt er til að allir greiði fyrir fæði í grunnskólanum nema starfsmönnum sé gert að borða vegna gæslu með nemendum.
- Lagt er til að sveitarstjórn marki sér stefnu um fjölda nemenda í bekkjardeildum.
- Lagt er til að sveitarstjórn marki sér stefnu um fjölda nemenda á hvert stöðugildi í grunnskóladeild Þingeyjarskóla.
- Lagt er til að reglur í deildum skólans verði samræmdar, m.a. um launakjör og bifreiðastyrki.
- Lagt er til að kanna hvort ekki sé hægt að panta allar vörur og fá þær sendar í stað þess að senda starfsmenn í sérstakar innkaupaferðir til Akureyrar eða Húsavíkur.
- Lagt er til að stöðugildi annarra starfsmanna við skólann verði endurskoðuð þannig að þeir fái allir launadreifingu miðað við heildar vinnuframlag yfir árið. Þetta verði m.a. liður í að endurskipuleggja fjölda stöðugilda við skólann. Eða starfsmenn fái laun í 9,75 mánuði á ári.
- Lagt er til að húsverði verði falið að skrá orkunotkun mánaðarlega vegna grunnskólans.
- Lagt er til að kanna hvort rétt sé að bjóða skólaakstur út.

Efnisyfirlit

GREINING	8
INNGANGUR.....	8
ÞINGEYJARSÓLI, GRUNNSKÓLADEILDIR	8
ÞINGEYJARSKÓLI, LEIKSKÓLADEILDIR	20
ÞINGEYJARSKÓLI, TÓNLISTASKÓLADEILDIR	26
TILLÖGUR	29
1. SKÓLAHALD	29
2. LEIKSKÓLI.....	29
3. STJÓRNENDUR.....	30
4. ÖNNUR YFIRTÍÐ KENNARA EN VEGNA FORFALLAKENNSLU	30
5. YFIRTÍÐ ANNARRA STARFSMANNA EN KENNARA	31
6. YFIRVINNA Á LEIKSKÓLADEILDUM	31
7. MÆTING FYRIR KLUKKAN 8:00	31
8. AUKA GREIÐSLUR	31
9. FJÁRHEIMILDIR SAMKVÆMT FJÁRHAGSÁÆTLUN	32
10. FJÁRHAGSÁÆTLUN	32
11. UPPÁSKRIFT REIKNINGA	32
12. FÆÐI.....	32
13. FJÖLDI NEMENDA Í BEKKJARDEILDUM	32
14. FJÖLDI NEMENDA Á HVERT STÖÐUGILDI.....	33
15. SAMRÆMDAR REGLUR	33
16. INNKAUP.....	33
17. LAUNADREIFING ANNARRA STARFSMANNA	33
18. SKRÁNING ORKUNOTKUNAR	33
19. SKÓLAAKSTUR.....	34
LOKAORÐ	35

Greining

INNGANGUR

Að beiðni sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar, með vísan til samþykktar á fundi sveitarstjórnar 19. júní og 3. júlí 2014, tók skýrsluhöfundur að sér að gera athugun á rekstri Þingeyjarskóla og tillögur um framtíðarskipulag skólans.

Í verkefninu fólst m.a. að gera úttekt á rekstri skólans, kostum þess að vera með skólahald á einum stað í stað tveggja eins og nú er og koma fram með tillögur um framtíðarskipulag skólans. Við vinnslu verkefnisins var stuðst við gögn frá sveitarfélaginu og frá öðrum sveitarfélögum með sambærilega skóla að stærð hvað nemendafjölda varðar. Einnig var stuðst við gögn um rekstur grunn- og leikskóla á vef Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Skýrsluhöfundur átti fundi með skólastjóra og deildarstjórum við skólann. Einnig fundi með sveitarstjóra og oddvita sveitarstjórnar. Haft var samráð við Bjarna Þór Einarsson, Ráðbarði, sem vann viðhalds- og rýmisþörf fyrir skólann og Ingvar Sigurgeirsson, Skólafundunni slf, sem vann tillögu að skólaskipan. Setnir voru fundir með þessum aðilum. Vinna þeirra að þessum verkefnum fór fram á sama tíma og vinna skýrsluhöfundar.

Öllum framangreindum aðilum eru þökkud hreinskiptin og opin svör við öllu sem varðar greiðan framgang verkefnisins. Tekið skal skýrt fram að þeir aðilar, sem leitað var til, bera enga ábyrgð á því sem fram kemur í skýrslunni. Allt sem þar stendur er á ábyrgð skýrsluhöfundar.

ÞINGEYJARSÓLI, GRUNNSKÓLADEILDIR

Þingeyjarskóli var stofnaður 1. ágúst 2012 þegar tveir grunnskólar, Hafralækjarskóli og Litlulaugaskóli, voru sameinaðir í eina stofnun. Leikskólinn Krílabær hafði áður sameinaðist Litlulaugaskóla haustið 2002 og Tónlistarskóli Reykdæla haustið 2010. Leikskólinn Barnaborg og Tónlistarskóli Hafralækjarskóla sameinuðust grunnskólanum á Hafralæk undir einni stjórn haustið 2009. Þannig voru leik- og tónlistardeildirnar hluti af sameiningunni árið 2012.

Fyrsti til tíundi bekkur eru í hvorri grunnskóladeild, þ.e. á hvorum stað.

Þingeyjarskóli er rekinn í sex deildum, tvær grunnskóladeildir, tvær leikskóladeildir og tvær tónlistarskóladeildir, í fimm byggingum. Tvær byggingar eru á Laugum, þar sem er grunnskóli í einni, Litlulaugaskóli, og leik- og tónlistarskóli í annarri, þar sem áður

var leikskólinn Krílabær. Þessar byggingar standa á lóðum sem eru hlið við hlið, en hvor lóð er afmörkuð sitt hvorri byggingunni.

Á Hafralæk, sem er í um 20 km fjarlægð frá Laugum, er skólinn rekinn í þremur byggingum. Annars vegar grunn- og tónlistardeild, sem reknar eru í einu og sama húsnæðinu, sem áður hýsti Hafralækjarskóla. Síðan leikskóladeildin, sem rekin er í tveimur aðskildum byggingum frá hausti 2014, með sitt hvora lóðina. Í öðru húsinu var leikskólinn Barnaborg. Um 150 m eru á milli húsa leikskóladeildarinnar á Hafralæk. Vegalengdin á milli húsnæðis grunnskóladeildar og leikskóladeildar á Hafralæk er um 1,5 km.

Einn skólastjóri er yfir sameinaðri stofnun, Þingeyjarskóla, og ein fræðslunefnd (nefnd skólanefnd í grunnskólalögum). Tveir aðstoðarskólastjórar eru við skólann, einn yfir hvorri grunnskóladeild. Síðan eru fjórir deildarstjórar, einn yfir hvorri leikskóladeild og einn yfir hvorri tónlistardeild. Þannig er yfirstjórn skólans samansett af samtals sjö stjórnendum. Hver þessara sex deilda í skólanum er rekin nokkuð sjálfstæð með einum sameiginlegum yfirmanni, þ.e. skólastjóra. Yfirstjórn skólans er nokkuð umfram það sem þarf skv. grunnskólalögum.

Stjórnunarhlutfall skólastjóra Þingeyjarskóla skiptist þannig: 36,5% við hvora grunnskóladeild, 8,1% við hvora leikskóladeild og 5,4% við hvora tónlistarskóladeild. Stjórnunarhlutfall aðstoðarskólastjóra hvorrar grunnskóladeildar er 54%, deildarstjórar leikskóla skilgreinast ekki sem stjórnendur skv. kjarasamningi, en fá 6 klst. til undirbúningsvinnu sem gæti talist 15% stjórnun og deildarstjórar tónlistarskóla 30% stjórnunarhlutfall. Stjórnunarhlutfall hvorrar grunnskóladeildar er því 90,5%, leikskóladeildar 23,4 og tónlistardeildar 35,4%.

Í viðræðum við skólastjóra kom fram að honum finnst þetta fyrirkomulag um stjórn skólans nokkuð flókið. Í reynd væri hann að stjórna þremur skólastigum, þ.e. grunn-, leik- og tónlistarskólastigi. Hann væri í grunninn grunnskólamanneskja og því betur í stakk búinn til að hafa yfirstjórn yfir grunnskóladeildum en leikskóla- og tónlistarskóladeildunum. Afskipti skólastjóra af tónlistarskóla- og leikskóladeildum felast einkum í að sjá um skrifstofuvinnu, fjármál og ráðningu starfsmanna. Annað í starfi þessara deilda, skipulag og innra starf, hvílir meira á viðkomandi deildarstjórum.

Vegna þess að skólinn er á mörgum stöðum (fimm byggingum) finnst skólastjóra hann ekki hafa nægan tíma til að sinna faglegu starfi skólastjóra. Í stjórnun hefur það ekki reynst vel að vera stuttan tíma á hverjum stað. Nálægðin við starfsmenn og nemendur verður minni en ef skólastarfið væri allt á einum stað og skipulagning öll erfiðari. Skólastjóri telur sig vegna þessa ekki hafa sömu yfirsýn og tilfinningu fyrir hlutunum og ef skólalaldið væri allt á sama stað.

Fram kom að deildarstjórar leikskóladeilda væru titlaðir sem slíkir en störfuðu í reynd sem aðstoðarleikskólastjórar að mati skólastjóra. Þegar breytingin var gerð réðu líklega hugmyndir um sparnað meiru en faglegi þátturinn. Að mati skýrsluhöfundur efast hann um að þetta fyrirkomulag leiði til sparnaðar í rekstri skólans eins og það er nú.

Skólastjóri er í viku hverri tvo daga á hvorri starfstöð grunnskóladeilda. Fimmti dagurinn, sem er föstudagur, er laus og þá staðsetur skólastjóri sig eftir þörfum. Skólastjóri var mánudaga og miðvikudaga á Litlulaugum og þriðjudaga og fimmtudaga á Hafralæk í viku hverri á starfstíma skólans síðasta skólaár. Þannig hefur skólastjóri ekki skipulagða viðveru í leikskóladeildunum.

Viðverudagar í grunnskóladeildum eru breytilegir eftir skólaárum. Á yfirstandandi skólaári (2014/2015) eru viðverudagar ekki þeir sömu og á því síðasta.

Kennsluskylda aðstoðarskólastjóra, sem eru tveir, er 16 klst. Vegna stjórnunar hafa aðstoðarskólastjórar fengið afslátt af kennsluskyldu, þannig að þeir eru með 12 tíma kennslustundir hvor. Skólastjóri er með 8 tíma kennsluskyldu en hefur fengið afslátt vegna stjórnunar í fjórar kennslustundir.

Hver deild er í reynd rekin sem sjálfstæð eining. Á hvorum stað, Laugum og Hafralæk, eru reknar þrjár einingar, þ.e. leikskóladeild, grunnskóladeild og tónlistarskóladeild.

Launakostnaður fyrir hverja deild hefur verið aðgreindur. Vegna þess hefur skapast svolítið flækjustig vegna þeirra sem fá laun frá fleiri en einni deild við skólann.

Nemendum á Hafralæk er ekið í íþróttir á Laugum einu sinni í viku og nemendur á Laugum sækja verkgreinar á Hafralæk einu sinni í viku. Í þetta fara í hvert skipti ýmist 80 til 120 mínútur, auk aksturs 20 mínútur hvora leið. Í fyrstu voru nemendur nærri allan daginn á hvorum stað, en það mæltist illa fyrir. Nemendum fannst þeir vera gestir á hvorum stað og þeim leið ekki vel. Því var þessu hætt eftir fyrstu áramótin sem sameinaður skóli starfaði.

Kennarar eru ekki í frímínútnagæslu nema í undantekningartilfellum að sögn skólastjóra. Á s.l. skólaári fyllti einn kennari í stöðu sína með því að taka frímínútnagæslu. Ef kennarar matast með nemendum fá þeir greitt fyrir það. Þetta á við Litlulaugaskóla en ekki er hefð fyrir slíku í Hafralækjarskóla að sögn skólastjóra.

Bifreiðastyrkir eru m.a. vegna sameiginlegra funda, sem kennarar/starfsfólk þurfa að komast á en einnig eru greiddir bifreiðastyrkir vegna aksturs vegna innkaupa og ferða á námskeið. Sem dæmi um akstur má nefna að heimilisfræðikennari fer til Húsavíkur til að kaupa inn. Matráðar fá bifreiðastyrki. Þeir fara af og til til Akureyrar að kaupa inn. Fara í upphafi anna og gera stór innkaup en að öðru leyti koma ýmis konar aðdrættir með flutningabílum. Skólastjóri skrifar upp á alla akstursreikninga starfsmanna.

Á Hafralæk hafa starfsmenn þurft að skila akstursbókum með yfirlit yfir akstur. En á Litlulaugum hafa starfsmenn skráð akstur hjá sér. Staðið hefur til að breyta þessu þannig að allir starfsmenn skili akstursbókum með yfirliti yfir aksturinn.

Á sama hátt hafa starfsmenn við skólann á Litlulaugum haldið sjálfir utan um hvað þeir hafa unnið mikið utan reglubundins vinnutíma, þ.e. í yfirvinnu, og skila því til skólastjóra um hver mánaðamót. Á Hafralæk halda skólastjórnendur utan um alla yfirvinnu starfsmanna.

Að sögn skólastjóra er engin yfirvinna unnin nema stjórnandi biðji um hana á Hafralæk.

Þetta er ekki í eins föstum skorðum á Litlulaugum. Aðstoðarskólastjórar halda utan um alla forfallakennslu, sem þeir skila til skólastjóra sem skilar gögnum síðan inn á skrifstofu.

Sameiginlegir kennara-/starfsmannafundir eru haldnir viku til hálfsmánaðarlega í grunnskóladeildunum, til skiptis á starfsstöðvum. Þá fara allt að tveir bílar frá hvorum stað. Stundum eru bara fundir/vinnufundir fyrir kennara, stundum allt starfsfólk og stundum hluta, t.d. kennarar og skólaliðar.

Skólinn er opnaður kl. 7:45 á Hafralæk og kl. 8:00 á Litlulaugum. Húsvörðurinn opnar skólahúsnæðið á Hafralæk. Á Litlulaugum annast skólastjórnandi eða skólaliði opnun húsnæðisins. Skólahaldi er lokið um kl. 15:00 mánudaga til fimmtudaga og um hádegi á föstudögum.

Fyrir opnun fyrir kl. 8:00 er greitt í yfirvinnu.

Á miðvikudögum lýkur skólahaldi kl. 15:30. Þá eru valgreinar unglinga (8.-10. bekkur) og yngri nemendum gefst kostur á að taka þátt í skipulögðu íþróttastarfi (ekki á vegum skólans) á Laugum og fá skólaakstur í tengslum við akstur unglinganna. Dagurinn verður þetta langur þar sem akstur milli starfsstöðva tekur tíma. Á hverri viku fara 40 mínútur alls í akstur milli starfsstöðva hjá öllum nemendum og 40 mín að auki vegna valgreina.

Ekki er húsvörður á Laugum en skólastjóri og aðstoðarskólastjóri fá greitt fyrir húsvörslu á Laugum, hvor 15 þús. kr. á mánuði. Húsvörður er á Hafralæk í 60% starfi vegna skólans og 40% starfi vegna félagsheimilis. Skólastjóri fær einnig aukagreiðslu vegna húsnæðis á Hafralæk ásamt aðstoðarskólastjóra þar, hvor 15.000 kr. á mánuði. Er þetta þóknun fyrir að annast útleigu á fjórum íbúðum, sem eru í skólahúsnæðinu á Hafralæk, og önnur samskipti við leigjendur þar, auk íhlaupa þegar húsvörður er ekki viðlátinn.

Skólaárið 2014-2015 eru stöðugildi skólaliða á Litlulaugum 1,83%. Áður var 56% staða ræstingar, sem nú fellur inn í stöðugildi skólaliða. Á Hafralæk eru þrjár skólaliðar í 2,28 stöðugildum. Skólaliðar annast jafnframt ræstingar. Á Hafralæk annast skólaliðar einnig gæslu nemenda eftir að kennslu lýkur. Yngri nemendur þurfa að bíða þar til kennslu lýkur hjá eldri nemendum til að komast í akstur heim. Skólaliðar sinna líka baðvörslu í íþróttasal og sundlaug á Hafralæk.

Á Laugum hafa starfsmenn íþróttahúss og kennarar annast baðvörslu. Sú staða hefur komið upp að enginn karlkyns starfsmaður hefur verið til staðar til að fara í baðklefa.

Skólastjóri fær útskrift úr aðalbók um hver mánaðamót. Skólastjóri samþykkir alla reikninga vegna allra deilda skólans. Þegar fjárheimildir skv. fjárhagsáætlun klárast er reynt að draga saman eða færa á milli liða og/eða sótt um aukafjárveitingu. Fram að þessu hefur verið erfitt að fylgjast með fjárheimildum og rauntölum en nú hefur orðið mikil breyting og það er hægt að fylgjast vel með, að sögn skólastjóra.

Að sögn skólastjóra hefur hann lítið komið að fjárhagsáætlunargerð frá sameiningu skólanna. Fjárhagsáætlunin hefur aðallega verið unnin af starfsmanni á skrifstofu. Nokkuð er um að áætlunin sé unnin þannig að áætlun líðandi árs er uppfærð. Að sögn fær skólastjóri áætlunina til að fara yfir með mjög stuttum fyrirvara og litlum upplýsingum. Það er skoðun skólastjóra að betur færi á að hann, ásamt starfsmanni ynni áætlunina saman fyrir skólann, en til þess þyrfti meiri tíma en skólastjóri hefur fengið til að yfirfara áætlunina.

Skólaakstur hefur ekki verið boðinn út. Sveitarstjóri semur við skólabílstjóra. Skólastjóri skipuleggur skólaakstur. Hann samþykki reikninga frá skólabílstjórum. Ef akstur fellur niður fá þeir greitt hálf gjald fyrir þær ferðir.

Við skólann eru rekin tvö mötuneyti í húsnæði grunnskóladeilda á hvorum stað. Fullbúið eldhús er á hvorum staðnum. Matast er í matsal í hvorri grunnskóladeild. Nemendur fá morgunmat og hádegismat. Morgunmatur er mjög fjölbreyttur,

hafragrautur, súrmjólk, morgunkorn, brauð, álegg auk þess sem nemendur fá einnig ávexti utan morgunmatartíma.

Leikskóladeildirnar fá mat frá hvorri grunnskóladeild. Á Krílabæ er maturinn sóttur fótgangandi en á Barnaborg ekur matráður með matinn í hitakassa og þarf síðan að fara með hluta hans yfir í annað hús. Matráður fær greitt fyrir akstur með mat. Morgunmatur er tilreiddur á leikskólunum.

Sveitarfélagið greiðir launakostnað vegna matargerðar í skólanum en foreldrar greiða hráefniskostnað. Skólastjóri sendir greiðsluáætlun um matarkaup nemenda í upphafi hverrar annar til skrifstofu sveitarfélagsins, sem annast innheimtu. Borgað er 9.000 kr. fyrir skólamáltíðir í heilan mánuð. Ef nemendur eru fjóra daga samfleytt fjarverandi er það dregið frá og gert upp í lok annar.

Tafla 1: Kostnaður á skólamáltíð í Þingeyjarskóla haustið 2013

	Morgunverður	Hádegisverður	Samtals
Verð á stakri máltíð	132	318	450

Heimild: Skólastjóri

Tafla 1 sýnir verð á hverri stakri máltíð við Þingeyjarskóla haustið 2013. Eins og þarna kemur fram er greitt 132 kr. fyrir stakan morgunverð og 318 kr. fyrir stakan hádegisverð, eða samtals 450 kr.

Almennir starfsmenn við skólann greiða ekki fyrir fæði en kennarar greiða það sama og nemendur. Auk þess gefst kennurum kostur á að kaupa síðdegishressingu á löngum dögum fyrir 125 kr. Kennarar á Hafralæk geta verið í ávaxtaáskrift fyrir 80 kr. á dag. Matráðar sjá um að skera niður ávexti sem bornir eru fram á miðjum morgni, áætlaður ca. ½ ávöxtur á mann. Áskrift er innheimt með mánaðargjaldi.

Tafla 2: Fjöldi nemenda í Þingeyjarskóla og í skólunum fyrir sameiningu árin 2005 til 2014, að hausti

	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	Þingeyjarskóli			Fækkun 2005/2014
								2012	2013	2014	
Litlulaugaskóli	49	47	42	32	34	37	26	29	31	40	-9
Hafralækjarskóli	76	66	65	54	49	44	39	41	40	38	-38
Samtals/Þingeyjarskóli	125	113	107	86	83	81	65	70	71	78	-47

Heimild: Hagstofa Íslands og skólastjóri

Tafla 2 sýnir fjölda nemenda í Þingeyjarskóla og skólunum fyrir sameiningu í Þingeyjarskóla, sem varð haustið 2012, árin 2005 til 2014 að hausti.

Eins og taflan sýnir hefur nemendum farið fækkandi. Þeim fækkar samtals á milli ára öll árin fram til 2012 en hefur farið fjölgandi síðan. Árið 2012 voru nemendur samtals 70 en voru haustið 2014 78.

Nemendum hefur fækkað um níu frá því sem var í Litlulaugaskóla árið 2005 samanborið við það sem nú er í skóladeildinni í Litlulaugaskóla. Á sama tímabili hefur nemendum fækkað um 38 frá því sem var í Hafralækjarskóla árið 2005 samanborið við það sem er nú (haust 2014) í skóladeildinni á Hafralæk. Samtals hefur nemendum fækkað um 47.

Skýring á mikilli fækkun í Hafralækjarskóla á milli árána 2010 og 2011 er að Meðferðarheimilið Árbót var lagt niður sumarið 2010 og þaðan gátu komið allt að 12 nemendur.

Tafla 3: Kostnaður í þús. kr. á hvern nemanda í níu samanburðarskólum árið 2013 miðað við fjölda nemenda haustið 2013

	Grunn- skóli Djúpa- vogs	Lauga- lands- skóli í Holtum	Grunn- skólinn á Þórs- höfn	Seyðis- fjarðar- skóli	Grunn- skólinn á Hólma- vík	Þing- eyjar- skóli	Grunn- skólinn austan Vatna	Grunn- skóli Fáskrúðs- fjarðar	Þela- merkur- skóli	Heiðar- skóli	Auðar- skóli
Fjöldi nemenda 2013 að hausti	61	62	64	64	69	71 ¹⁾	73	74	80	81	89
Laun og launatengd gjöld	1.052	0	1.677	1.444	1.350	2.025	1.732	1.527	1.083	1.509	1.241
Annar rekstrarkostnaður nettó án innri leigu	143	0	329	125	101	524	210	187	164	357	188
Rekstrarútgjöld nettó án innri leigu	1.196	0	2.006	1.568	1.478	2.549	1.943	1.714	1.246	1.867	1.429

1) Samkvæmt upplýsingum hjá Hagstofu Íslands voru nemendur 69 en skv. upplýsingum skólastjóra voru nemendur 71

Heimild: Viðkomandi sveitarfélög

Tafla 3 sýnir samanburð á rekstrarkostnaði á hvern nemanda í níu samanburðarskólum árið 2013 miðað við nemendafjölda haustið 2013. Fimm stærri en Þingeyjarskóli og fjórir minni hvað nemendafjölda varðar. Innri leiga og kostnaður vegna skólaaksturs hefur verið dregið frá þar sem það á við.

Upplýsingum frá skólastjóra vegna fjölda nemenda í Þingeyjarskóla ber ekki saman við fjöldann sem er uppgjafinn á vef Hagstofunnar. Þar segir að nemendurnir hafi verið 69 en skv. upplýsingum frá skólastjóra voru þeir 71. Við útreikning á kostnaði á hvern nemanda er stuðst við uppgjafinn fjölda frá skólastjóra.

Reynslan sýnir að það er mismunandi hvernig sveitarfélög reikna innri leigu, sem hefur leitt til þess að ekki fæst rétt mynd af samanburðinum ef innri leiga er tekin með. Þess vegna er hún ekki reiknuð með hér. Jafnframt eru útgjöld vegna skólaaksturs ekki talin með öðrum rekstrarkostnaði þar sem hann getur verið mismunandi og í sumum tilfellum enginn. Gerður er fyrirvari um þennan samanburð þar sem skólahald kann að vera mismunandi í þessum skólum sem getur leitt til mismunar í útgjöldum. Engu að síður gefur svona samanburður ákveðnar vísbendingar, sem má þá skoða frekar og leita skýringa.

Eins og taflan sýnir var kostnaður á hvern nemanda hæstur í Þingeyjarskóla í þessum samanburði. Benda má á að kostnaðurinn er hærri en í Grunnskólanum austan Vatna í Sveitarfélaginu Skagafirði en sá skóli er rekinn á þremur stöðum. Launakostnaður á hvern nemanda í Þingeyjarskóla var 2.025 þús. kr. samanborið við 1.052 þús. kr. þar sem hann var lægstur. Einnig er annar rekstrarkostnaður á hvern nemanda mjög hár hjá Þingeyjarskóla í þessum samanburði.

Nokkrir útgjaldaliðir skipta hér máli hvað varðar annan rekstrarkostnað. Fyrst má nefna kostnað við að reka skólann á tveimur stöðum. Síðan má nefna hvað sveitarfélög innheimta fyrir skólamat, sem er mjög mismunandi á milli þeirra. Sum sveitarfélög innheimta að fullu fyrir öll útgjöld vegna skólamáltíða en önnur minna.

Tafla 4: Kostnaður við skólamáltíðir í samanburðarskólum

	Grunn- skóli Djúpavogs	Lauga- landsskóli í Holtum	Grunn- skólinn á Þórshöfn	Seyðis- fjarðar- skóli	Grunn- skólinn á Hólmavík	Þing- eyjar- skóli	Grunn- skólinn austan Vatna	Grunnskóli Fáskrúðs- fjarðar	Þela- merkur- skóli	Heiðar- skóli	Auðar- skóli
Fjöldi nemenda 2013 að hausti	61	62	64	64	69	69	73	74	80	81	89
Skólamáltíð	450	6.982 ²⁾	470	433	477	318	332/432 ³⁾	435		3.422 ²⁾	392
Morgunhressing og ávestir	35/90 ¹⁾	673 ²⁾	10.000 ³⁾	2.109		132	160	2.000			167
Starfsmenn skóla				541							
1) Mjólksafi	3) Greitt fyrir önnina										
2) Á mánuði	4) Stök máltíð										

Heimild: Viðkomandi sveitarfélög

Tafla 4 sýnir verð á skólamáltíð haustið 2014 hjá samanburðarskólunum.

Eins og taflan sýnir er verðið lægst hjá Þingeyjarskóla í þessum samanburði, eða 318 kr. á hverja máltíð.

Tafla 5: Fjöldi stöðugilda í samanburðarskólunum 2012

	Grunn- skóli Djúpa- vogs	Lauga- lands- skóli í Holtum	Grunn- skólinn á Þórshöfn	Seyðis- fjarðar- skóli	Grunn- skólinn á Hólma- vík	Þing- eyjar- skóli	Grunn- skólinn austan Vatna	Grunn- skóli Fáskrúðs- fjarðar	Þela- merkur- skóli	Heiðar- skóli	Auðar- skóli
Fjöldi nemenda 2012 að hausti	56	70	76	62	78	70	80	87	80	81	77
Stöðugilda samtals	12,5	16,1	18,4	15,1	15,3	22,4	24,8	21,0	15,6	22,3	17,9
Stöðugildi kennara samtals	9,8	11,1	13,7	11,8	11,8	14,7	16,8	13,9	10,3	12,8	12,3
Stöðugildi annarra en kennara	2,7	5,0	4,7	3,3	3,5	7,7	8,0	7,1	5,3	9,5	5,6

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 5 sýnir stöðugildi í samanburðarskólunum árið 2012. Ekki lágu fyrir samanteknar upplýsingar um fjölda stöðugilda hjá öllum skólunum árið 2013, því er hér stuðst við árið 2012. Um er að ræða skóla með 56 nemendur upp í 77. Eins og þarna kemur fram var nokkur munur á fjölda stöðugilda hjá þessum skólum. Einn af þessum samanburðarskólum var með fleiri stöðugildi en Þingeyjarskóli. Það var Grunnskólinn austan Vatna í Skagafirði.

Með því að skoða fjölda nemenda á hvert stöðugildi fæst betri samanburður heldur en að líta til heildarfjölda stöðugilda þar sem nemendafjöldinn á milli skólanna er nokkuð mismunandi.

Tafla 6: Fjöldi nemenda á hvert stöðugild í samanburðarskólunum árið 2012

	Grunn- skólinn á Hólma- vík	Þela- merkur- skóli	Grunn- skóli Djúpa- vogs	Auðar- skóli	Lauga- lands- skóli í Holtum	Grunn- skólinn á Þórshöfn	Seyðis- fjarðar- skóli	Grunn- skóli Fáskrúðs- fjarðar	Heiðar- skóli	Grunn- skólinn austan Vatna	Þing- eyjar- skóli
Fjöldi nemenda 2012 að hausti	78	80	56	77	70	76	62	87	81	80	70
Stöðugilda samtals	5,1	5,1	4,5	4,3	4,3	4,1	4,1	4,1	3,6	3,2	3,1
Stöðugildi kennara samtals	6,6	7,8	5,7	6,3	6,3	5,5	5,3	6,3	6,3	4,8	4,8
Stöðugildi annarra en kennara	22,3	15,1	20,7	13,8	14,0	16,2	18,8	12,3	8,5	10,0	9,1

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 6 sýnir nemendafjölda á hvert stöðugildi í samanburðarskólunum 11 árið 2012 raðað frá hægri miðað við flesta nemendur á hvert stöðugildi samtals. Eins og taflan

sýnir var Þingeyjarskóli með fæsta nemendur á hvert stöðugildi af samanburðarskólunum, eða 3,1 nemanda. Skólinn er með fæsta nemendur á hvert stöðugildi kennara ásamt Grunnskólanum austan Vatna, eða 4,8 nemendur. Einn skóli var með færri nemendur á hvert stöðugildi annarra starfsmanna en Þingeyjarskóli. Það var Heiðarskóli í Hvalfjarðarsveit.

Margar spurningar vakna þegar skóli er með 3,1 nemanda á hvert stöðugildi? Ef fjöldi nemenda á hvert stöðugildi væri eins og hann er fjölmennastur í þessum samanburði, eða 5,1, hefðu stöðugildin við skólann verið 13,7 en þau voru 22,4, eða 8,7 stöðugildum fleiri.

Tafla 7: Fjöldi nemenda og stöðugilda í Þingeyjarskóla samtals í skólunum fyrir sameiningu þeirra 2005 til 2014 að hausti

Ár	Fjöldi nemenda	Kennarar/ leiðbeinendur	Aðrir starfsmenn	Samtals
2005	125	18,9	10,8	29,7
2006	113	19,4	13,1	32,5
2007	107	21,5	7,4	28,9
2008	86	21,3	6,1	27,4
2009	83	20,7	6,8	27,5
2010	81	17,5	5,8	23,3
2011	65	14,3	6,1	20,4
2012	70	14,7	7,7	22,4
2013	71	16,8	8,1	24,9
2014	78	16,1	8,3	24,4
Breyting 2002/2013	-47	-2,8	-2,5	-5,3

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og skólastjóri vegna árána 2012 til 2014

Tafla 7 sýnir fjölda nemenda og stöðugilda kennara og annarra starfsmanna við Þingeyjarskóla og skólunum samtals fyrir sameiningu á árunum 2005 til 2014.

Eins og taflan sýnir fór nemendum fækkandi á milli ára frá árinu 2005 fram til ársins 2011. Síðan hefur nemendum fjölgað á milli ára. Þrátt fyrir að nemendum hafi fækkað á milli árána 2005 til 2009 fjölgaði stöðugildum kennara. Eftir það hefur stöðugildum kennara fækkað. Á tímabilinu 2005 til 2014 fækkaði nemendum um 47, stöðugildum kennara um 2,8 og annarra starfsmanna um 2,5. Stöðugildum fækkaði samtals um 5,3.

Tafla 8: Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi í Þingeyjarskóla og skólunum fyrir sameiningu 2005 til 2014, að hausti

Ár	Fjöldi nemenda	Kennarar/ leiðbeinendur	Aðrir starfsmenn	Samtals
2005	125	6,6	11,6	4,2
2006	113	5,8	8,6	3,5
2007	107	5,0	14,5	3,7
2008	86	4,0	14,1	3,1
2009	83	4,0	12,2	3,0
2010	81	4,6	14,0	3,5
2011	65	4,5	10,7	3,2
2012	70	4,8	9,1	3,1
2013	71	4,2	8,8	2,9
2014	78	4,8	9,4	3,2
Breyting 2002/2013	-47	-1,8	-2,2	-1,0

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og skólastjóri vegna árána 2012 til 2014

Tafla 8 sýnir fjölda nemenda á hvert stöðugildi í Þingeyjarskóla og skólunum fyrir sameiningu frá 2005 til 2014. Eins og taflan sýnir hefur nemendum á hvert stöðugildi kennara og annarra starfsmanna farið fækkandi. Einnig hefur nemendum fækkað á hvert stöðugildi samtals. Flestir voru nemendurnir á hvert stöðugildi samtals árið 2005, eða 4,2. Til samanburðar voru nemendurnir á hvert stöðugildi samtals árið 2014 komnir niður í 3,2. Fór niður í 2,9 nemendur á hvert stöðugildi haustið 2013.

Það er mat skýrsluhöfundar að eitt af markmiðum, sem sveitarstjórn eiga að setja sér í skólastefnu, er fjöldi nemenda á hvert stöðugildi, þannig að ef þeim fækkar verði málið skoðað og leitað skýringa.

Tafla 9: Fjöldi stöðugilda annarra starfsmanna við Þingeyjarskóla haustið 2014

Deild á	Fjöldi nemenda	Skólaliði	Matráður	Húsvörður	Samtals
Litlulaugum	40	1,9	1,7		3,6
Hafralæk	38	2,3	1,8	0,6	4,7
Samtals	78	4,1	3,6	0,6	8,3
Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi		18,8	21,8	63,3 ¹⁾	9,4

1) Reiknast út frá nemendafjölda á Hafralæk

Heimild: Skólastjóri Þingeyjarskóla

Tafla 9 sýnir fjölda stöðugilda annarra starfsmanna en kennara skipt eftir starfsheitum hjá Þingeyjarskóla haustið 2014.

Eins og taflan sýnir var fjöldi annarra stöðugilda en kennara við Þingeyjarskóla haustið 2014 samtals 8,3, eða 9,4 nemendur á hvert stöðugildi. Skólaliðar voru í 4,1 stöðugildi, eða 18,8 nemendur á hvert stöðugildi skólaliða. Matráðar voru í 3,6 stöðugildum, eða

21,8 á hvert stöðugildi. Hafa ber í huga að þeir annast jafnframt matargerð fyrir leikskóladeildirnar og starfsmenn.

Tafla 10: Laun starfsmanna við Þingeyjarskóla 2012 og 2013

	2012		2013		Hlutfall af föstum launum 2013	
	Kennarar, skólastjóri o.s.frv.	Aðrir starfsmenn	Kennarar, skólastjóri o.s.frv.	Aðrir starfsmenn		
Mánaðarlaun	41.955.622	16.092.837	65.418.622	26.046.177		
Stundakennsla	1.271.700	0	1.723.880	74.345		
Yfirvinna	1.511.108	953.667	3.644.815	1.564.704	14,3%	9,8%
Yfirvinna félagsstörf	448.935	0	635.306	26.954		
Forfallakennsla	1.455.032	75.680	1.768.830	39.538		
Kennsluyfirvinna grunnskóla	930.181	0	1.148.409	0		
Gæsluyfirvinna	918.081	0	1.315.364	122.908		
Eingreiðsla	151.328	92.000	0	0		
Desemberuppbót	22.557	610.492	116.420	793.638		
Annaruppbót	1.236.070	0	2.086.403	0		
Orlofsuppbót	0	108.410	22.800	334.476		
Pottur	0	0	0	0		
Afnotagjöld síma	0	0	0	0		
Bifreiðastyrkir	613.433	171.185	1.518.732	252.508		
Akstur skv. akstursbók	0	0	0	0		
Dagpeningar innanlands	0	0	0	0		
Önnur laun	1.965.485	1.675.397	3.110.573	3.581.648		
Orlof	714.677	536.744	1.085.654	811.902	Hlutfallsleg	
Launatengd gjöld	13.383.616	4.634.831	20.542.658	7.696.221	hækkun á milli ára	
Samtals	66.577.825	24.951.243	104.138.466	41.345.019	56,4%	65,7%

Heimild: Þingeyjarsveit

Tafla 10 sýnir launagjöld og tengd gjöld hjá Þingeyjarskóla árin 2012 og 2013.

Heildarlaun við skólann hækka um 58,9% á milli árunna 2012 og 2013, eða fara úr 91,5 millj. kr. í 145,5 millj. kr. árið 2013. Laun kennara hækkuðu um 56% og annarra starfsmanna um 66% á milli árunna. Samkvæmt upplýsingum frá sveitarstjóra er hluti skýringarinnar á svo mikilli hækkun leiðrétting á launum starfsmanna aftur í tímann.

Yfirvinna og orlof á yfirvinnu var 14,3% af föstum launum kennara og 9,8% af föstum launum annarra starfsmanna árið 2013.

Vakin er athygli á kostnaði vegna gæsluyfirvinnu kennara en telja verður nokkuð kostnaðarsamt að hafa kennara til að gæta nemenda í frímínútum á yfirvinnukaupi. Ætla má, miðað við fjölda skólalíða, að ekki eigi að vera þörf á þessu.

Tafla 11: Mánaðarlaun kennara, yfirvinna samtals og sem hlutfall af mánaðarlaunum áin 2012 og 2013

	2012	2013	Breyting 2012/2013
Mánaðarlaun	43.227.322	67.142.502	55,32%
Yfirvinna	5.978.014	9.598.378	60,56%
Yfirvinna sem hlutfall af mánaðarlaunum	13,83%	14,30%	

Heimild: Þingeyjarsveit

Tafla 11 sýnir mánaðarlaun og yfirvinnu hjá kennurum Þingeyjarskóla árin 2012 og 2013. Jafnframt sýnir taflan hlutfall yfirvinnu af mánaðarlaunum kennara og hækkun á milli ára.

Mikil hækkun mánaðarlauna á milli árunna, eða 55,3%, vekur athygli. Einnig vekur athygli mikil hækkun yfirvinnu, eða 60%, á milli árunna.

Hátt hlutfall yfirvinnu kennara af mánaðarlaunum hjá skólanum vekur athygli, eða 14,3% árið og 13,83% árið 2013.

Samkvæmt upplýsingum frá skólastjóra er mest af yfirvinnu, sem hann skráir í vinnuskýrslur, greiðslur úr svokölluðum potti, en svo virðist sem það sé ekki skráð þannig í launabókhalдинu, þar sem skv. töflu 11 er ekkert skráð þar.

Tafla 12: Hlutfall yfirvinnu kennara af mánaðarlaunum hjá nokkrum grunnskólum á mismunandi tímabilum

Þingeyjar-skóli	Gerðaskóli	Grunnskóli Fjallabyggðar	Grunnskóli Grundarfjarðar	Grunnskólinn á Ísa-firði	Grunnskólinn í Hveragerði	Grunnskólinn í Sandgerði	Árskóli
2013	2013	2012	2011	2010	2011	2011	2011
14,3%	17,4%	5,6%	5,2%	9,7%	5,7%	8,9%	8,7%

Heimild: Viðkomandi sveitarfélög

Tafla 12 sýnir hlutfall yfirvinnu hjá nokkrum grunnskólum í sveitarfélögum sem skýrsluhöfundur hefur unnið fyrir og tekið þessar upplýsingar saman. Eins og taflan sýnir er ekki um sömu ár að ræða í öllum tilfellum. Rétt er að leggja áherslu á að á þessum stöðum var lagt til að yfirvinna væri lækkuð, svo gera má ráð fyrir að þessi hlutföll hafi í einhverjum tilfella lækkað frá því sem þarna kemur fram. Hafa ber í huga að ýmsar skýringar geta verið á yfirvinnu á hverjum stað, engu að síður má ætla að svona samanburður gefa ákveðnar vísbendingar.

Eins og taflan sýnir er hlutfallið nokkuð hátt hjá Þingeyjarskóla í þessum samanburði. Hlutfallið var einungis hærra hjá einum skóla. Það er mat skýrsluhöfundur að sveitarstjórnir eigi að marka sér stefnu um hvert þetta hlutfall eigi að vera og jafnframt að ekki sé óeðlilegt að markmiðið sé eins og það er t.d. hjá Grunnskóla Fjallabyggðar, 5,6%, Grunnskóla Grundarfjarðar, 5,2%, og Grunnskólanum í Hveragerði þar sem það var 5,7%. Til samanburðar var það 14,3% hjá Þingeyjarskóla ári 2013, sem verður að teljast nokkuð hátt hlutfall.

Yfirvinna og önnur laun hjá öðrum starfsmönnum en kennurum sem hlutfall af mánaðarlaunum er hátt í samanburði við það sem gerist hjá mörgum öðrum sveitarfélögum. Þetta hlutfall var 9,8% árið 2013.

Mörg sveitarfélög hafa tekið alfarið fyrir það að greidd sé yfirtíð til annarra starfsmanna við skóla nema þá til húsumsjónarmanns. Rökin eru þau að vinnutími annarra starfsmanna sé að jafnaði á tímabilinu frá kl. 8:00 til 16:00. Skólahald er yfirleitt frá kl. 8:00 til 14:00, þannig sé erfitt að færa rök fyrir því að greiða þurfi yfirtíð. Að sjálfsgöðu geta hér verið undantekningar.

Ef starfsmenn eru veikir á að vera hægt að komast hjá því að kalla til starfsmann í yfirvinnu með því að breyta verklagi dagsins og endurskipuleggja það þannig að starfsmenn sem eru að vinna geti sinnt því, t.d. dregið úr ræstingum þann daginn o.s.frv. Jafnframt á að vera hægt að skipuleggja fundi þannig að ekki þurfi að koma til yfirvinnugreiðslna vegna þeirra.

Föst yfirtíð til húsvarðar er þekkt hjá öðrum sveitarfélögum. Sum sveitarfélög hafa tekið upp á því að fela húsverði í grunnskóla að hafa umsjón með öðru húsnæði, t.d. leikskólum. Húsvörður á Hafralæk fær fasta yfirtíð.

Eins og komið hefur fram hér að framan er greidd yfirtíð fyrir vinnu fyrir kl. 8 á morgnana. Fyrir þá vinnu á að vera hægt að greiða með álagi en þá hættir starfsmaður korteri eða hálf tíma fyrir á daginn en þó þannig að hann skili sínum vinnutíma.

Tafla 13: Fjöldi nemenda skipt eftir árgöngum í Þingeyjarskóla skólaárið 2014/2015

	Hafralæk	Litlulaugum	Samtals
1. bekkur	4	5	9
2. bekkur	3	7	10
3. bekkur	4	3	7
4. bekkur	5	2	7
5. bekkur	3	3	6
6. bekkur	7	3	10
7. bekkur	1	3	4
8. bekkur	0	6	6
9. bekkur	7	2	9
10. bekkur	4	6	10
Samtals	38	40	78

Heimild: Skólastjóri

Tafla 13 sýnir fjölda nemenda skipt eftir árgöngum skólaárið 2014 til 2015. Eins og taflan sýnir eru nemendur í hverjum árgangi fáir. Á það við í öllum tilfellum, þ.e. í hvorri deild og einnig þegar deildirnar eru teknar saman. Fjölmennasti árgangurinn samtals er í 2., 6. og 10. bekk, eða 10 nemendur. Fæstir eru nemendur í þremur árgöngum eða sex.

Tafla 14: Fjöldi nemenda í hverjum bekk á Hafralæk í Þingeyjarskóla skólaárið 2014/2015

	1. og 2. bekkur	3. og 4. bekkur	5., 6. og 7. bekkur	9. og 10. bekkur	Samtals
Fjöldi nemenda	7	9	11	11	38
Meðaltal í bekk					9,5

Heimild: Skólastjóri

Tafla 14 sýnir fjölda nemenda í hverjum bekk á Hafralæk í Þingeyjarskóla. Eins og taflan sýnir er samkenndsla í öllum árgöngum. Kennt er í fjórum bekkjum. Fæstir nemendur eru í 1. og 2. Bekk, eða sjö nemendur. Jafnmargir eru í samkenndslu 5., 6. og 7. bekkjar og 9. og 10. Bekkjar, eða samtals 11 nemendur í hvorum hópi. Að meðaltali eru 9,5 nemendur í hverri bekkjardeild.

Tafla 15: Fjöldi nemenda í hverjum bekk á Litlulaugum í Þingeyjarskóla skólaárið 2014/2015

	1. og 2. bekkur	3. og 4. bekkur	5., 6. og 7. bekkur	8. bekkur	9. og 10. bekkur	Samtals
Fjöldi nemenda	12	5	9	6	8	40
Meðaltal í bekk						8

Heimild: Skólastjóri

Tafla 15 sýnir fjölda nemenda í hverjum bekk á Litlulaugum í Þingeyjarskóla skólaárið 2014/2015.

Á Litlulaugum er kennt í fimm bekkjardeildum, eða einni fleiri en á Hafralæk þó heildarfjöldi nemenda sé litlu fleiri, eða tveimur fleiri. Fjölmennast er í 1. og 2. bekk, eða 12 nemendur, en fæstir eru nemendurnir í 3. og 4. bekk, eða fimm.

Miðað við þetta eru 8 nemendur að meðaltali í bekk á Litlulaugum.

Tafla 16: Möguleg skipting nemenda í bekkjardeildir væri allt skólahald á sama stað skólaárið 2014/2015

	1. og 2. bekkur	3. og 4. bekkur	5. og 6. bekkur	7. og 8. bekkur	9. og 10. bekkur	Samtals
Fjöldi nemenda	19	14	16	10	19	78
Meðaltal í bekk						15,6

Tafla 16 sýnir að mati skýrsluhöfundar hvernig mögulegt hefði verið að skipta í bekkjardeildir væri allt skólahald Þingeyjarskóla á sama stað. Miðað við þetta væru bekkjardeildirnar fimm í stað þess að þær eru núna níu. Fjölmennast væri í 1. og 2. bekk og 9. og 10. bekk, eða 19 nemendur. Fæstir væru nemendurnir í 7. og 8. bekk eða 10. Að meðaltali væru 15,6 nemendur í hverri bekkjardeild, en eru núna 8,7 nemendur. Ljóst er að verulega hagræðing myndi nást með því að hafa allt skólahald á einum stað. Það er mat skýrsluhöfundar að jafnframt muni nást fram betra og heildstæðara skólahald.

Gerður er fyrirvari á þessa samsetningu í bekkjardeildir. Eingöngu er hér lagt til það sem væri mögulegt þegar horft er á tölur um nemendafjölda en ekkert tillit verið tekið til ýmissa kennslufræðilegra þátta, aðstæður nemenda o.s.frv.

ÞINGEYJARSKÓLI, LEIKSKÓLADEILDIR

Við Þingeyjarskóla eru reknar tvær leikskóladeildir. Önnur á Litlulaugum í húsnæði við hlið húsnæðis grunnskóladeildarinnar. Hin deildin er á Hafralæk og rekin í tveimur húsum hlið við hlið en í um eins km fjarlægð frá húsnæði grunnskóladeildar á Hafralæk.

Báðar leikskóladeildirnar (Krílabær og Barnaborg) eru einnar deildar leikskólar með einn deildarstjóra hvor.

Leikskóladeildir eru opnaðar kl. 7:45 á báðum stöðum og er opið til kl. 16:15 á Krílabæ (Laugum) nema á föstudögum, þá er Krílabær opinn til kl. 15:00. Á Barnaborg

(Hafralæk) er opið til kl. 16:00 tvo daga, þ.e. mánudaga og fimmtudaga, 16:30 tvo daga, þ.e. þriðjudaga og miðvikudaga. Síðan er opið til kl. 14:00 á föstudögum.

Mismunandi opnunartími kemur til vegna mismunandi eftirspurnar. Miðað er við að leikskóli sé alla jafna ekki opinn fyrir færri en fjögur leikskólabörn.

Vegna opnunar fyrir kl. 8:00 er borgað í yfirvinnu.

Við leikskóladeildina Krílabæ starfa fimm starfsmenn í 4,1 stöðugildi. Deildarstjóri er í fullu starfi, en aðrir starfsmenn í hlutastarfi. Auk þess eru 0,4 stöðugildi vegna annars, eða samtals 4,7 stöðugildi, sjá síðar.

Hádegismatur vegna Krílabæjar kemur tilbúinn frá grunnskóladeildinni á Litlulaugum. Hins vegar sjá starfsmenn leikskólans um morgunmat fyrir leikskólabörnin. Einn starfsmaður annast allt er varðar matinn. Gengur frá og sækir það sem þarf, þ.m.t. matinn í hádeginu.

Tveir starfsmenn annast opnun leikskóladeildarinnar. Þeir skiptast á að mæta nema einu sinni í viku mæta þeir báðir. Einn dag í viku er byrjað í íþróttahúsinu og mæta foreldrar með börnin þar. Þau börn sem ekki fara í íþróttir mæta í leikskólann. Vegna þess mæta tveir starfsmenna þann dag til að opna kl. 7:45.

Tveir starfsmenn af þessum fimm eiga einn frídag í viku, þ.e. þeir vinna fjóra daga vikunnar.

Skólastjóri annast uppáskrift á reikningum fyrir leikskóladeildirnar. Deildarstjóri fær ekki reikninga.

Að sögn deildarstjóra er því lítið eftirlit með reikningum, nema hann fái afrit af reikningum með því sem hann pantar en oftast fara reikningar beint á skrifstofu sveitarfélagsins og því hefur deildarstjórinn ekkert um þá að segja.

Deildarstjórar leikskóladeilda skipuleggja alla starfsemina á deildunum og í reynd bera þeir ábyrgð á starfsemi deildanna. Samskiptin við skólastjóra eru mjög takmörkuð. Þörf er á því að skólastjóri hefði meiri viðveru á leikskóladeild. Skólastjóri og deildarstjórar leikskóladeilda hafa ekki reglulega fundi. Það hefur verið rætt en ekki komist í framkvæmd.

Lítill samskipti eru á milli deildarstjóra leikskóladeildanna. Samskiptin eru aðallega fólgin í því að deildarstjórnir hringjast á og bera saman bækur sínar. Deildarstjórar leikskóladeilda sitja ekki starfsmannafundi hjá grunnskólanum. Að sögn deildarstjóra er skýringin sögð vera ólíkur vinnutími.

Eins og staðan er nú er starfsmannaaðstaða ekki góð að sögn deildarstjóra á Krílabæ. Ef þarf að taka viðtöl þarf deildarstjóri að fara af sinni skrifstofu. Eina vinnuaðstaðan, sem starfsmenn hafa, er á skrifstofu deildarstjóra.

Eftirfarandi er athugasemd frá deildarstjóra á Krílabæ varðandi þjónustusamning við Norðurþing:

„Fyrir nokkrum árum var þjónustusamningi við Norðurþing sagt upp en þar höfðu leikskólarnir aðgang að sérfræðingum svo sem sálfræðingi, iðjuþjálfu og fleira. Við gátum verið í símasambandi við þetta fólk og fengið ráðgjöf og upplýsingar. Skólaþjónusta Norðurþings stóð auk þess fyrir stjórnendadögum bæði vor og haust auk svokallaðs námskeiðsdags að

hausti. Þar hittum við leikskólastarfsfólk annað leikskólastarfsfólk sem er að fást við svipaða hluti og við og er með leikskóla af svipaðri stærðargráðu og við þekkjum, en þar hittist fólk frá Þingeyjarsýslu allt austur á Bakkafjörð. Það sem okkur finnst skipta máli er að geta átt orðræðu við fólk um það sem við erum að vinna að og vita hvernig aðrir hagi hlutunum. Með uppsögn þessa samnings þá erum við eyland, við eigum engin samskipti við aðra leikskóla nema við óskum eftir að fá að koma þangað í heimsókn, en það er ekki það sama og hitta fólk á einum stað og allir eru með sama markmið í huga, að fá upplýsingar varðandi hina ýmsu þætti í starfi leikskóla og læra hvert af öðru.“

Tafla 17: Fjöldi barna í leikskóladeildum Þingeyjarskóla og leikskólunum fyrir sameiningu í Þingeyjarskóla árin 2005 til 2014

											Breyting
	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2005/2014
Barnaborg	16	11	14	16	18	25	21	22	22	21	5
KrÍlabær	13	15	14	10	8	10	16	17	13	11	-2
Samtals/Þingeyjarskóli	29	26	28	26	26	35	37	39	32	32	3

Heimild: Hagstofa Íslands og skólastjóri vegna 2012 til 2014

Tafla 17 sýnir fjölda barna í leikskóladeildum Þingeyjarskóla og leikskólunum fyrir sameiningu árin 2005 til 2014. Eins og taflan sýnir fjölgaði samtals á tímabilinu 2005 til 2014 um þrjú börn. Börnunum hefur fjölgað um fimm á leikskóladeildinni Barnaborg árið 2014 frá því sem var árið 2005. Hins vegar fækkaði um tvö á KrÍlabæ á sama tímabili. Á báðum stöðum var börnunum ýmist að fækka eða fjölga á milli ára.

Flest voru börnin á Barnaborg árið 2010, eða 25, og árið 2012 á KrÍlabæ, eða 17. Samtals voru börnin flest árið 2012, eða 39.

Tafla 18: Fjöldi heilsdagsígilda í leikskóladeildum Þingeyjarskóla og leikskólunum fyrir sameiningu í Þingeyjarskóla árin 2005 til 2014

											Breyting
	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2005/2014
Barnaborg	14,4	9,5	13,3	15,5	16	21,8	20,5	23,9	24,0	26,1	11,7
KrÍlabær	10,5	12,4	13	8,9	7,5	9,1	15,3	16,2	16,6	24,0	13,5
Samtals/Þingeyjarskóli, leikskóladeild	24,9	21,9	26,3	24,4	23,5	30,9	35,8	40,1	40,6	50,1	25,2

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og skólastjóri vegna 2012 - 2014

Tafla 18 sýnir fjölda heilsdagsígilda í leikskóladeild Þingeyjarskóla og skólunum samtals fyrir sameiningu frá árinu 2005 til 2014. Eins og taflan sýnir hefur heilsdagsígildum við skólann fjölgað nokkuð, eða um 25,2 frá því sem var í leikskólunum samtals árið 2005.

Tafla 19: Skipting launagjalda hjá Krílabæ, leikskóladeild árin 2012 og 2013.

	2012	2013	Hlutfall af	Hlutfallsleg
	Starfsmenn	Starfsmenn	mánaðar- launum	breyting 2012/2013
Mánaðarlaun	12.241.869	13.698.694		11,9%
Yfirvinna	600.614	1.562.591	18,1%	160,2%
Álag	333.467	569.552		70,8%
Orlof á fasta yfirvinnu	197.693	276.941		40,1%
Orlof á annað en fasta yfirvinnu	127.198	75.785		-40,4%
Bifreiðastyrkir	74.475	14.100		-81,1%
Önnur laun	544.952	749.711		37,6%
Launatengd gjöld	3.390.935	4.096.435		20,8%
Samtals	17.511.203	21.043.809		20,2%

Heimild: Þingeyjarsveit

Tafla 19 sýnir skiptingu launagjalda hjá Krílabæ, leikskóladeild, árin 2012 og 2013. Launaútgjöldin hækka um 20,2% á milli árunna 2012 og 2013. Á sama tíma hækkaði launavísitala opinberra starfsmanna hjá sveitarfélögum um 4,7%. Mánaðarlaun hækkuðu um 12%. Yfirvinna tæplega þrefaldaðist á milli árunna.

Deildarstjóri leikskóladeildar hefur gefið eftirfarandi skýringu á hækkuninni:

„Hér kemur hærra menntaður starfsmaður til starfa auk þess sem villa hafði verið á launum og starfsmenn fengu leiðréttingu launa. Auk þess var kennari grunnskóla ráðinn í hlutastarf og fékk þau laun sem yfirvinnu það ég best veit í stað þess að það bættist við hans starfshlutfall.“

Það er mat skýrsluhöfundar að sjá þurfi til þess að ekki sé greidd yfirvinna vegna opunar og lokunar. Huga þarf vinnufyrirkomulaginu þannig að þessi tími rúmist innan dagvinnutíma starfsmanna. Fyrir opnun fyrir kl. 8:00 þarf þá að greiða álag. Ekki þarf að greiða slíkt álag fyrir lokun þar sem lokað er fyrir kl. 17:00. Einnig að ekki sé ráðinn starfsmaður við skólann sem fái alla vinnu greidda í yfirvinnu. Það fyrirkomulag verður að teljast nokkuð kostnaðarsamt.

Yfirvinna, álag og orlof á yfirvinnu er nokkuð hátt hlutfall árið 2013, eða 18,1%. Mörg sveitarfélög hafa svo til alveg tekið fyrir yfirvinnu á leikskólum. Sum sveitarfélög hafa sett þá reglu að hver starfsmaður á leikskóla megi hafa 20 klukkustundir í yfirvinnu samtals yfir allt árið, eða að meðaltali 1,67 klukkustund á mánuði.

Tafla 20: Skipting launagjalda hjá Barnaborg, leikskóladeild árin 2012 og 2013.

	2012	2013	Hlutfall af	Hlutfallsleg
	Starfsmenn	Starfsmenn	mánaðar- launum	breyting 2012/2013
Mánaðarlaun	18.173.733	21.899.226		20,5%
Yfirvinna	2.681.542	3.717.995		38,7%
Álag	867.330	887.180	25,1%	2,3%
Orlof á fasta yfirvinnu	428.207	532.986		24,5%
Orlof á annað en fasta yfirvinnu	108.440	357.140		229,3%
Bifreiðastyrkir	248.329	439.253		76,9%
Önnur laun	1.731.725	1.395.355		-19,4%
Launatengd gjöld	5.708.093	6.818.858		19,5%
Samtals	29.947.399	36.047.993		20,4%

Heimild: Þingeyjarsveit

Tafla 20 sýnir skiptingu launagjalda hjá Barnaborg, leikskóladeild, árin 2012 og 2013. Launaútgjöldin hækka um 20,4% á milli árunna 2012 og 2013, sem eins og hjá Krílabæ er langt umfram almennar hækkanir hjá opinberum starfsmönnum hjá sveitarfélögum.

Yfirvinna, álag og orlof á yfirvinnu var 25,1% af mánaðarlaunum, sem er hátt hlutfall og hærra en það var hjá Krílabæ, leikskóladeild.

Tafla 21: Fjöldi stöðugilda í Barnaborg, leikskóladeild, og í leikskólanum fyrir sameiningu skólans 2005 til 2014 og fjöldi heildagsígilda á hvert stöðugildi.

	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Leikskólakennari	2,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0	0,8	2,0	1,9	1,9
Önnur uppeldisfræðimenntun	0,0	0,0	0,6	0,0	0,9	1,4	2,8	0,0	0,6	0,0
Aðrir starfsmenn	2,1	2,6	2,2	3,8	4,4	4,2	3,5	4,5	5,3	4,9
Samtals	4,1	3,6	3,8	4,8	6,3	6,6	7,1	6,5	7,82	6,82
Fjöldi heildagsígilda	14,4	9,5	13,3	15,5	16	21,8	20,5	23,9	24	26,1
Fjöldi heildagsígilda á hvert stöðugildi	3,5	2,6	3,5	3,2	2,5	3,3	2,9	3,7	3,1	3,8

Heimild: Hagstofa Íslands og leikskólastjóri fyrir árin 2012 og 2014

Tafla 21 sýnir fjölda stöðugilda hjá Barnaborg, leikskóladeild, og leikskólanum fyrir sameiningu skólans frá árinu 2005 til 2014. Eins og taflan sýnir hefur stöðugildum ýmist fækkað eða fjölgað á milli ára. Árið 2010 fjölgaði heildagsígildum nokkuð við skólann og þeim hefur síðan fjölgað enn meira milli ára. Heildagsígildum á hvert stöðugildi fór fækkandi fram til ársins 2009. Hefur síðan verið ýmist að fækka eða fjölga á milli ára. Árið 2014 eru 3,8 heildagsígildi á hvert stöðugildi samanborið við 3,5 árið 2005.

Tafla 22: Fjöldi stöðugilda í Krílabæ, leikskóladeild, og í leikskólanum fyrir sameiningu skólans 2005 til 2014 og fjöldi heildagsígilda á hvert stöðugildi.

	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Leikskólakennari	0,9	0,9	1,0	1,0	1,4	0,9	1,0	1,8	1,8	1,9
Önnur uppeldisfræðimenntun	0,0	0,0	0,0	0,0	0,2	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Aðrir starfsmenn	2,0	3,8	3,5	3,5	2,4	2,6	2,9	2,3	1,6	2,3
Samtals	2,9	4,7	4,5	4,5	4,0	3,5	3,9	4,05	3,41	4,2
Fjöldi heildagsígilda	10,5	12,4	13	8,9	7,5	9,1	15,3	16,2	16,6	24,0
Fjöldi heildagsígilda á hvert stöðugildi	3,6	2,6	2,9	2,0	1,9	2,6	3,9	4,0	4,9	5,7

Heimild: Hagstofa Íslands og leikskólastjóri fyrir árin 2012 og 2014

Tafla 22 sýnir stöðugildi hjá Krílabæ, leikskóladeild, og leikskólanum fyrir sameiningu skólans frá árinu 2005 til 2014. Eins og taflan sýnir hefur stöðugildum ýmist fækkað eða fjölgað á milli ára. Árið 2011 fjölgaði heildagsígildum nokkuð við skólann. Heildagsígildum á hvert stöðugildi fór fækkandi fram til ársins 2009, þegar þau voru komin niður í 1,9. Hefur síðan verið að fjölga. Árið 2014 eru 5,7 heildagsígildi á hvert stöðugildi samanborið við 3,6 árið 2005.

Tafla 23: Fjöldi stöðugilda í samanburðarleikskólum og heildagsígildi á hvert stöðugildi árið 2013, leikskólar með 12,5 til 19 heildagsígildi

	Leik- skólinn Ár- skógar- skóli	Leik- skólinn Valla- ból	Leik- skólinn Hóla- bær	Leik- skólinn Ylur	Waldorf- leik- skólinn Ylur	Krila- bær, leik- skóla- deild	Leik- skólinn Kæri- bær, Skaft- árh.	Leik- skólinn Gull- kistan	Leik- skólinn Hnoðra- ból	Leik- skólinn Vind- heimar	Leik- skólinn Laufás
Fjöldi heildagsígilda 2013	12,5	12,9	13,0	15,9	16,6	16,6	17,3	17,4	18,0	18,0	19,0
Leikskólakennari	3,6	1,2	0,9	1,7	1,0	0,0	1,8	1,8	2,0	0,9	1,6
Önnur uppeldisfræðimenntun	0,0	0,0	0,3	0,0	0,0	0,0	0,0	1,0	0,0	0,2	0,0
Aðrir starfsmenn	0,5	2,0	3,4	4,0	3,0	0,0	2,7	2,0	4,8	2,3	4,4
Samtals	4,1	3,2	4,6	5,7	4,0	3,8	4,5	4,8	6,8	3,5	6,0
Fjöldi heildagsígilda á hvert stöðugildi	3,0	4,0	2,8	2,8	4,2	4,4	3,9	3,7	2,6	5,2	3,2

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og skólastjóri Þingeyjarskóla

Tafla 23 sýnir fjölda stöðugilda í samanburðarleikskólum þar sem eru 12,5 til 19 heildagsígildi miðað við haust 2013.

Í Krílabæ, leikskóladeild, voru 16,6 heildagsígildi haustið 2013. Eins og þarna kemur fram kemur Krílabær, leikskóladeild, vel út í þessum samanburði með fjölda heildagsígilda á hvert stöðugild samtals, eða 4,4. Heildagsígildin eru flest á hvert stöðugildi í þessum samanburði á Krílabæ.

Tafla 24: Fjöldi stöðugilda í samanburðarleikskólum og heildagsígildi á hvert stöðugildi árið 2013, leikskólar með 21,5 til 27,0 heildagsígildi

	Leik- skólinn Álfa-borg, Sv.st.hr.	Leik- skólinn Álfa- steinn, Hörg.sv.	Leik- skólinn Tjarnar- bær	Leik- skólinn Álfa- borg Blásk.b.	Leik- skólinn Lækjar- brekka	Barna- borg, leik- skóla- deild	Leik- skólinn Bjarmi	Leik- skólinn Krumma- fótur	Leik- skólinn Anda- bær	Leik- skólinn Brekku- bær	Leik- skólinn Þingeyjar- skóli
Fjöldi heildagsígilda 2013	21,5	21,6	22,5	22,6	24,0	24,0	24,6	25,8	26,1	26,4	27,0
Leikskólakennari	2,7	4,3	2,0	2,9	0,0	0,0	6,6	2,3	3,6	5,2	3,0
Önnur uppeldisfræðimenntun	0,0	0,0	0,0	0,2	4,0	0,0	0,0	0,0	1,0	0,0	5,2
Aðrir starfsmenn	4,4	2,8	4,9	4,4	5,0	0,0	2,1	4,5	4,8	5,1	1,5
Samtals	7,1	7,1	6,9	7,5	9,0	6,1	8,7	6,8	9,4	10,3	9,7
Fjöldi heildagsígilda á hvert stöðugildi	3,0	3,0	3,2	3,0	2,7	3,9	2,8	3,8	2,8	2,6	2,8

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og skólastjóri Þingeyjarskóla

Tafla 24 sýnir það sama og tafla 23 en nú leikskóla sem voru með 21,5 til 27,0 heildagsígildi barna haustið 2013.

Í þessum samanburði kemur Barnaborg líka vel út hvað varðar fjölda heildagsígilda á hvert stöðugildi, eða 3,9 heildagsígildi. Í þessum samanburði eins og hjá Krílábæ kemur Barnaborg best út.

Deildarstjóri leikskóladeildarinnar Barnaborg telur eftirfarandi vera kosti við að hafa leikskóladeildina í sama húsnæði og grunnskólinn:

- ✓ Hægt er að samnýta mötuneyti. Nú er allur matur eldaður í grunnskólanum og matráðurinn okkar keyrir yfir í skóla, hjálpar til að elda og keyrir svo með matinn til okkar.
- ✓ Nýta það sem keypt er fyrir grunnskólann, hvort sem það er efni til verklegrar kennslu eða efni sem starfsfólk notar.
- ✓ Sameiginleg kaffistofa og þannig kynnist starfsfólkið innan sömu stofnunar. Núna er það þannig að oft förum við ein og ein í kaffi, sem er frekar dapurt og sumir kjósa að fara ekki í kaffi.
- ✓ Auðveldar leikskólanum að fara í leikfimi og jafnvel sund í þeirri aðstöðu sem fyrir er í grunnskólanum. Nú þarf að keyra börnin í leikfimitíma með skólabíl.
- ✓ Auðveldar elsta hóp leikskólans að koma í heimsókn í grunnskólann og getur líka virkað í hina áttina, það er að grunnskólabörnini komi í leikskólann.
- ✓ Einnig er nóg af plássi í grunnskólanum og við erum orðnar mjög þreyttar á því að vera í svona þröngu húsnæði.

Fram kom hjá deildarstjóranum að húsnæðið, sem sóst væri eftir í húsnæði grunnskólans fyrir leikskóladeildina, væri svæði sem er inn af eldhúsinu og að auki ein íbúð.

ÞINGEYJARSKÓLI, TÓNLISTASKÓLADEILDIR

Rætt var við deildarstjóra tónlistardeildar á Hafralæk. Fram kom að ekki væri mikil samvinna á milli tónlistardeildanna í Þingeyjarskóla.

Fáir nemendur eru utan grunnskólans. Eitthvað hefur verið um að nemendur hafa sótt skólann frá Húsavík. Sett hefur verið sú regla að ekki er heimild til að kenna umfram 30 kennslustundir á viku. Engin kennsla fer fram í yfirvinnu. Kennsla fer fram frá byrjun

skóladags á morgnana og þar til að nemendur fara heim í lok skóladags. Vinnudagurinn byrjar því kl. 8:00 og lýkur um kl. 15:00.

Nemendur eru teknir úr tímum í grunnskóladeild til að fara í tíma í tónlistardeild.

Tafla 24: Fjöldi nemenda og kenndar stundir í tónlistardeild Þingeyjarskóla haustið 2013 og vorið 2014

Haust 2013:		
Nemendur	31	32
Kenndar stundir	22	25
Vor 2014:		
Nemendur	29	32
Kenndar stundir	20,5	25

Heimild: Þingeyjarskóli

Tafla 24 sýnir fjölda nemenda og kenndar stundir í tónlistardeildum Þingeyjarskóla haustið 2013 og vorið 2014.

Tafla 25: Fjöldi stöðugilda í tónlistardeildum Þingeyjarskóla

Skólaár	2013/2014	2014/2015
Litlulaugum	1,75	1,05
Hafralæk	1,59	1,35
Samtals	3,34	2,4

Heimild: Þingeyjarskóli

Tafla 25 sýnir fjölda stöðugilda í tónlistardeildum Þingeyjarskóla skólaárin 2013/2014 og 2014/2015. Eins og taflan sýnir fækkar stöðugildum um 0,94 á milli skólaáranna.

Tafla 26: Launagjöld tónlistarsdeildar Þingeyjarskóla á Hafralæk árin 2012 og 2013

	2012	2013	Hlutfall af mánaðar- launum	Hlutfallsleg breyting 2012/2013
	Starfsmenn	Starfsmenn		
Mánaðarlaun	3.643.523	7.638.050		109,6%
Yfirvinna	174.679	362.742		107,7%
Álag			5,4%	
Orlof á fasta yfirvinnu	20.245	42.694		110,9%
Orlof á annað en fasta yfirvinnu	237.216	9.222		-96,1%
Bifreiðastyrkir	14.100	49.350		250,0%
Önnur laun	149.858	222.055		48,2%
Launatengd gjöld	988.850	1.984.751		100,7%
Samtals	5.228.471	10.308.864		97,2%

Heimild: Þingeyjarsveit

Tafla 26 sýnir launagjöld vegna tónlistardeildar Þingeyjarskóla á Hafralæk árið 2012 og 2013.

Eins og taflan sýnir tvöfaldast launaútgjöldin á milli árunna 2012 og 2013. Ekki lágu fyrir skýringar á þessari hækkun. Leggja ber áherslu á að þetta verði skýrt. Samkvæmt upplýsingum frá skólastjóra var kennslan á milli árunna nokkuð svipuð.

Tafla 27: Launagjöld tónlistardeildar Þingeyjarskóla á Litlulaugum árin 2012 og 2013

	2012	2013	Hlutfall af mánaðar- launum	Hlutfallsleg breyting 2012/2013
	Starfsmenn	Starfsmenn		
Mánaðarlaun	7.458.168	7.708.030		3,4%
Yfirvinna	192.698	274.581		42,5%
Álag			4,7%	
Orlof á fasta yfirvinnu	22.332	39.899		78,7%
Orlof á annað en fasta yfirvinnu	45.426	44.379		-2,3%
Bifreiðastyrkir	177.156	363.780		105,3%
Önnur laun	259.167	324.286		25,1%
Launatengd gjöld	1.930.134	2.074.213		7,5%
Samtals	10.085.081	10.829.168		7,4%

Heimild: Þingeyjarsveit

Tafla 27 sýnir launagjöld tónlistardeildar Þingeyjarskóla á Litlulaugum árin 2012 og 2013.

Eins og taflan sýnir hækka mánaðarlaun á milli árunna 2012 og 2013 um 3,4%. Hins vegar hækka heildarlaunagjöldin um 7,4%, sem skýrist af því að bifreiðastyrkur tvöfaldast og yfirvinna hækkar nokkuð hlutfallslega.

Eins og fram kemur í töflu 26 og 27 eru launagjöld vegna tónlistardeildar á Hafralæk og Litlulaugum áþekk miðað við árið 2013. Voru samtals 10,3 millj. kr. á Hafralæk og 10,8 millj. kr. á Litlulaugum.

Tillögur

1. SKÓLAHALD

Lagt er til að athuga með að hafa allt skólahald í sama húsnæði og þá annað hvort á Hafralæk eða Litlulaugum. Verði það niðurstaðan verði áfram rekinn leikskóli þar sem grunnskólinn verður ekki.

Það er mat skýrsluhöfundar að mikil hagræðing muni fást með því að hafa allt skólahald í sama húsnæði. Hægt yrði að fækka bekkjardeildum og því fylgir minni kostnaður vegna reksturs. Það er ódýrara að reka eitt mötuneyti í stað tveggja og svo framvegis. Hægt er að sýna fram á að hagræðing í rekstri muni skipta nokkrum tugum milljóna króna sem væri betur varið til að efla skólastarfið og viðhalda kennsluhúsnæði. Huga mætti af því að kaupa tölvur fyrir hvern nemanda, t.d. í fimmta til tíunda bekk í stað þess að verja peningum til reksturs skólans á tveimur stöðum eins og nú.

Það er jafnframt mat skýrsluhöfundar að með því að sameina allt skólahald á einn stað muni fást faglega öflugri skóli. Réttlætjanlegt er að verja a.m.k. hluti þess fjármagns, sem fæst með því að vera með allt skólahald á einum stað, til að efla skólastarfið.

2. LEIKSKÓLI

Lagt er til, nái tillaga eitt fram að ganga, að rekinn verði sjálfstæður leikskóli þar sem grunnskólinn verður ekki.

Það er mat skýrsluhöfundar að mikil hagræðing, bæði kostnaðarleg og kennslufræðileg, geti fylgt því að sameina grunn- og leikskóla í eina stofnun. Með því fást m.a. samlegðaráhrif af nýtingu starfsmanna og samfelld skólaganga nemenda. Hins vegar er frumskilyrði fyrir slíkum samruna, að mati skýrsluhöfundar, að hægt sé að hýsa grunn- og leikskóla í sama húsnæði eða á sömu skólalóð, þannig að hægt sé að koma við samlegðaráhrifum.

Erfitt er að sjá samlegðaráhrifin ef skólarnir eru á hvor á sínum stað. Skýrsluhöfundur hefur komið að rekstri sveitarfélags þar sem slíkt fyrirkomulag var. Í reynd var þetta þannig að skólastjóri grunnskólans var yfirmaður leikskólans og þá aðstoðarleikskólastjóri undirmaður hans í leikskólanum. Samstarfið fór síðan þannig fram að aðstoðarleikskólastjórinn sá í reynd um daglegan rekstur leikskólans en átti síðan reglubundna fundi með skólastjóranum. Þessu fylgdu ýmsir ókostir, m.a. óánægja aðstoðarleikskólastjórans, sem fannst hann í reynd starfa sem leikskólastjóri en á lægri launum. Skýrsluhöfundur tók undir það sjónarmið.

Sveitarfélagið, sem um ræðir, er Seyðisfjarðarkaupstaður. Skýrsluhöfundur lagði til að horfið yrði frá þessu fyrirkomulagi og var það gert. Haft var samband við Vilhjálm Jónsson, bæjarstjóra Seyðisfjarðarkaupstaðar og hann spurður hvað hafi verið gert og hvernig til hafi tekist. Með góðfúslegu leyfi hans er eftirfarandi svar hans úr tölvupósti, dags. 3. febrúar 2014, birt hér:

Við tókum ákvörðun um að hætta þessu fyrirkomulagi tímabundið 2011. Í framhaldinu var málið sett í nánari umfjöllun fræðslunefndar og bæjarstjórnar og varð niðurstaðan að falla frá fyrirkomulaginu um sameiginlega yfirstjórn. Niðurstaða umfjöllunarinnar var sú að ef viðunandi árangur ætti að nást faglega og fjárhagslega væri rétt að sameina stofnanirnar en við sáum ekki fyrir okkar miðað við aðstæður að það væri vænlegt.

Fjárhagsleg áhrif breytinganna eins og við framkvæmdum þær hér voru á ársgrundvelli sparnaður sem nam um 3,4 milljónir króna. Hann kom til af beinni lækkun launa og launatengdra gjalda stjórnenda og aukinni kennsluskyldu þeirra, þ.e. í grunnskólanum o.fl. breytingum þeim tengdum.

Með breytingunni komst mun betri festa á stjórnun beggja skólanna, stjórnendur grunnskólans hafa náð betri tókum á honum og að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til starfsemi hans m.a. með hliðsjón af námsskrá. Stjórnun leikskólans, sem hafði liðið sérstaklega fyrir fyrirkomulagið, batnaði og óljós skil ábyrgðar hurfu. Einkum skipti þetta máli varðandi starfsmannamál.

Hjá okkur hafði stjórnun leikskóla verið bætt á skólastjóra grunnskóla sem hafði starfað sem slíkur nokkra hríð hjá kaupstaðnum. Ég hef haft spurnir af fleiri slíkum tilvikum og rætt bæði við foreldra sem eiga börn í þeim skólum og skólafólk. Samkvæmt þeim samtölum hefur það ekki gefist vel að því leyti sem við kemur starfsemi og stjórnun skólanna.

Í samtölum mínum við stjórnendur skólanna hér var það einróma niðurstaða þeirra að þeim fannst fyrirkomulagið bitna á starfinu og að hefði tekist að ná að fylgja eftir fagstarfi og að uppfylla kröfur t.d. námsskrár. Þá kom fram í viðtölunum að skólastjóra gekk ekki vel að ná upp fastri viðveru á leikskólanum eins og fyrirhugað hafði verið.

Það kann að vera að stærðir skóla, fjöldi stjórnenda o.fl. atriði kunni að hafa áhrif á hvornig mismunandi fyrirkomulag kemur út og því ekkert algilt í þeim efnum en framangreint lýsir í stórum dráttum myndinni eins og hún horfði við hér.

Velkomið er að veita nánari upplýsingar eða reyna að skýra frekar sé talin þörf á.

Samkvæmt framanrituðu er það niðurstaða bæjarstjórans að eftir að horfið var frá því að vera með sameiginlega yfirstjórn yfir grunn- og leikskóla hafi bæði stjórnun og hinn faglegi þáttur skólastarfsins batnað. Einnig hafi reynst dýrara að vera með sameiginlega yfirstjórn.

Þrátt fyrir að leikskólinn verði rekinn sjálfstætt er lögð áhersla að hann verði í góðu samstarfi við grunnskólann.

3. STJÓRNENDUR

Lagt er til að að fækka stjórnendum verði tekin ákvörðun um allt skólahald á einum stað.

Við skólann eru núna sjö stjórnendur. Ljóst er að ef skólahaldið verður sameinað er eðlilegt að stjórnendum fækki. Það er mat skýrsluhöfundar verði skólahald með sama hætti og nú er, að þá komi einnig til greina að fækka stjórnendum.

4. ÖNNUR YFIRTÍÐ KENNARA EN VEGNA FORFALLAKENNSLU

Lagt er til að athuga hvort hægt sé að draga úr yfirvinnu kennara annarri en vegna forfallakennslu.

Hér er lagt til að athugað verði hvort hægt sé að skipuleggja vinnu kennara þannig að draga megi úr vinnu í yfirtíð, sem greidd hefur verið fyrir ýmis störf önnur en vegna forfallakennslu. Ef það er hægt þá verði það gert.

Í þessari tillögu fellst einnig að lagt er til að hætt verði að láta kennara annast gæslu eins og verið hefur. Fyrir það hafa kennarar fengið greitt í yfirtíð. Það er mat skýrsluhöfundar að miðað við fjölda skólaliða eigi ekki að þurfa að hafa kennara í gæslu.

5. YFIRTÍÐ ANNARRA STARFSMANNA EN KENNARA

Lagt er til að húsvörður verði eini starfsmaður skólans sem hafi fasta yfirtíð. Jafnframt að öll vinna annarra starfsmanna en kennara verði endurskipulögð þannig að ekki komi til þess að greiða þurfi fyrir yfirtíð.

Hér er lagt til að einungis húsvörður hafi fasta yfirtíð við skólann enda á að vera hægt að skipuleggja vinnu annarra starfsmanna en kennara þannig að hún rúmist innan dagvinnutíma. Lögð er áhersla á að skólastarfi lýkur yfirleitt kl. 14:00. Auðvelt á að vera að skipuleggja daginn þannig að öll vinna starfsmanna fari fram á dagvinnutíma með hliðsjón af því. Séu veikindi verði dagurinn endurskipulagður svo ekki þurfi að hafa fólk á yfirtíð vegna veikinda starfsmanna. Í endurskipulagningu gæti m.a. falist að draga úr ræstingu þann dag o.s.frv.

Jafnframt verður að teljast óeðlilegt að umbuna starfsmönnum með aukagreiðslum umfram kjarasamninga fyrir ákveðin viðvik sem unnin eru innan dagvinnutímans. Slíkt á að vera hluti af starfi viðkomandi.

Einnig er lögð áhersla á að húsvörður hafi fasta yfirtíð sem nái yfir allt ónæði utan reglubundins vinnutíma. Ekki sé greidd yfirtíð umfram fasta yfirtíð.

Þessi tillaga hér, um að hætt verði að greiða yfirtíð til annarra starfsmanna en húsvarðar við skólann, þekkist vel hjá mörgum öðrum sveitarfélögum.

6. YFIRVINNA Á LEIKSKÓLADEILDUM

Lagt er til að yfirvinna á leikskóladeildum verði tekin til endurskoðunar með það að markmiði að draga úr henni.

Mörg sveitarfélög hafa fylgt þeirri stefnu að ekki sé unnin yfirtíð á leikskólum og önnur að hver starfsmaður megi ekki hafa meira en samtals 20 klst. í yfirtíð allt árið.

Með hliðsjón af þessu er hér lagt til að þetta verði skoðað.

7. MÆTING FYRIR KLUKKAN 8:00

Lagt er til að vinnutíma þeirra, sem mæta fyrir kl. 8:00 til að opna, verið hagað þannig að tíminn fyrir kl. 8:00 rúmist innan dagvinnutíma þeirra.

Hér er lagt til að greitt verði álag ofan á dagvinnutíma í stað yfirvinnu vegna opunar. Opnunin rúmist innan dagvinnutíma starfsmanna.

8. AUKA GREIÐSLUR

Lagt er til að hætt verði að greiða aukalega vegna umsjónar með íbúðum í húsnaði grunnskólans á Hafralæk. Þetta verði gert með skipulagsbreytingum.

Það er mat skýrsluhöfundar að fela megi húsverði að annast samskipti við leigjendur um allt er varðar viðhald og annað slíkt. Um önnur samskipti eins og útleigu, gerð leigusamninga o.s.frv. annist skrifstofa sveitarfélagsins. Ekki komi til aukagreiðslna vegna þess.

9. FJÁRHEIMILDIR SAMKVÆMT FJÁRHAGSÁÆTLUN

Lagt er til að lögð verði áhersla á það við forstöðumenn að óheimilt er skv. sveitarstjórnarlögum að fara fram úr fjárheimildum skv. fjárhagsáætlun.

Brýnt er að starfsmenn sveitarfélaga séu meðvitaðir um að það sé ekki heimilt skv. sveitarstjórnarlögum að fara fram úr fjárheimildum skv. fjárhagsáætlun nema fyrir liggi samþykktur viðauki vegna viðkomandi liðar. Jafnframt verði forstöðumönnum gert skylt að tilkynna til bæjarstjóra og/eða skrifstofustjóra telji þeir að rekstur viðkomandi stofnunar standist ekki áætlun.

Verði það niðurstaðan að svo sé verði málið lagt fyrir sveitarstjórn sem síðan tekur ákvörðun um hvort gerður verði viðauki við fjárhagsáætlun, dregið verði úr þjónustu til að fjárhagsáætlun standist eða gripið verði til annarra hagræðingaraðgerða.

Lögð er áhersla á að skv. nýjum sveitarstjórnarlögum þarf þetta að gerast áður en útgjöld fara fram úr áætlun. Ekki er heimilt skv. lögnum að samþykkja viðauka eftir á. Jafnframt, ef útgjaldaaukning er samþykkt, er skylt skv. lögnum, að gera grein fyrir því hvernig henni verður mætt. Jafnframt ber að tilkynna alla viðauka við fjárhagsáætlun til innanríkisráðuneytisins.

10. FJÁRHAGSÁÆTLUN

Lagt er til að skólastjóri komi meira að gerð fjárhagsáætlunar en verið hefur.

Mikilvægt er að forstöðumenn komi að gerð fjárhagsáætlunar. Hér er lagt til að skólastóri komi meira að gerð fjárhagsáætlunar fyrir skólann en verið hefur. Það er mat skýrsluhöfundar að forstöðumenn eigi að koma að gera fjárhagsáætlunar alveg frá gunnvinnunni.

11. UPPÁSKRIFT REIKNINGA

Lagt er til að deildarstjórar samþykki reikninga fyrir sínar deildir sem skólastjóri síðan staðfestir.

Til að hafa gott kostnaðareftirlit er hér lagt til að deildarstjórar, sem oft stofna til kostnaðar, samþykki alla reikninga hver fyrir sína deild, sem skólastjóri síðan staðfestir.

12. FÆÐI

Lagt er til að allir greiði fyrir fæði í grunnskólanum nema ef starfsmönnum er gert að borða með nemendum vegna gæslu þeirra.

Mikilvægt er að jafnt gangi yfir alla starfsmenn hvað fæðis kaup varðar. Með hliðsjón af því er þessi tillaga sett hér fram. Rétt er að benda á að ef ekkert er greitt fyrir fæði ber að gefa slíkt upp til skatts sem launahlunnindi.

13. FJÖLDI NEMENDA Í BEKKJARDEILDUM

Lagt er til að sveitarstjórn marki sér stefna um fjölda nemenda í bekkjardeildum.

Hér er lagt til að sveitarstjórn marki stefnu um fjölda nemenda í hverri bekkjardeild í Þingeyjarskóla.

14. FJÖLDI NEMENDA Á HVERT STÖÐUGILDI

Lagt er til að sveitarstjórn marki sér stefna um fjölda nemenda á hvert stöðugildi í grunnskóladeild Þingeyjarskóla.

Hér er lagt til að sveitarstjórn marki stefnu um fjölda stöðugilda á hvert stöðugildi við grunnskóladeild Þingeyjarskóla. Á þetta við fjölda nemenda á hvert stöðugildi kennara, annarra starfsmanna og starfsmenn samtals. Þetta gæti verið hluti af stefnu skólans.

15. SAMRÆMDAR REGLUR

Lagt er til að reglur í deildum skólans verði samræmdar, m.a. um launakjör og bifreiðastyrki.

Eins og kom fram hér að framan gilda ekki alveg sömu reglur um skólahald á Litlulaugum og á Haftralæk varðandi t.d. skráningu á yfirtíð, akstri á eigin bifreið o.s.frv. Hér er lagt til að þetta allt verði samræmt.

16. INNKAUP

Lagt er til að kanna hvort ekki sé hægt að panta allar vörur og fá þær sendar í stað þess að senda starfsmenn í sérstakar innkaupaferðir til t.d. Akureyrar og Húsavíkur.

Hér er lagt til að skoðað verði hvort ekki sé hægt að haga innkaupum þannig að ekki þurfi að senda starfsmenn í sérstakar innkaupaferðir til Akureyrar og Húsavíkur. Í stað þess verði vörur pantaðar og þær sendar á staðinn.

17. LAUNADREIFING ANNARRA STARFSMANNA

Lagt er til að stöðugildi annarra starfsmanna við skólann verði endurskoðuð þannig að þeir fái allir launadreifingu miðað við heildarvinnuframlag yfir árið. Þetta verði m.a. liður í að endurskipuleggja fjölda stöðugilda við skólann. Eða starfsmenn fái laun í 9,75 mánuði.

Hér er lagt til að vinna annarra starfsmanna við grunnskólann en kennara verði skipulögð þannig að þeir skili fullri vinnu að teknu tilliti til lokunar skóla yfir sumartíma. Ef þeir hafa fengið meira frí en þeir eiga rétt á verði vinnutíminn skipulagður þannig yfir veturinn að viðvera þeirra verði lengri en vinnuskylda þeirra segir til um sem nemur umfram frí yfir sumarmánuðina og frídögum á veturna. Þetta er heimilt skv. kjarasamningi. Eða athugað verði hvort hægt sé að nýta þessa starfsmenn til sumarafleysinga hjá öðrum stofnunum sveitarfélagsins þannig að dregið sé úr ráðningu sumarafleysinga fólks. Hvoru tveggja á að draga úr kostnaði.

18. SKRÁNING ORKUNOTKUNAR

Lagt er til að húsverði verði falið að skrá orkunotkun mánaðarlega vegna grunnskólans.

Með því að skrá orkunotkun t.d. í kwst. mánaðarlega er hægt að fylgjast með ef eitthvað fer úrskeiðis í notkuninni. Með þessu móti er einnig hægt að bera saman notkunina á

milli mánaða og ára. Lögð er áhersla á að þetta verði gert þannig að línurit sýni niðurstöðuna. Hér er lagt til að húsvörður annist þetta.

19. SKÓLAAKSTUR

Lagt er til að bjóða skólaakstur út.

Hér er lagt til rað bjóða allan skólaakstur út reglulega. Það er mat skýrsluhöfundar að sveitarfélög eigi að bjóða öll þjónustu- og vörukaupi reglulega út.

Með hliðsjón af því er þessi tillaga sett hér fram.

Lokaorð

Það er mat skýrsluhöfundar eftir yfirferð á rekstri Þingeyjarskóla að hægt sé að draga nokkuð úr kostnaði við rekstur skólans miðað við óbreytt fyrirkomulag. Þetta á að vera hægt að gera án þess að það komi niður á skólastarfinu.

Hins vegar er það niðurstaða skýrsluhöfundar að margt mæli með því að allt skólalald Þingeyjarskóla fari fram í sama húsnæðinu og þá annað hvort á Hafralæk eða Litlulaugum.

Verði ákveðið að hafa allt skólalald á einum stað er ljóst að veruleg peningaleg hagræðing myndi nást með því. Jafnframt er það mat skýrsluhöfundar að það muni gera góðan skóla enn betri. Gera má ráð fyrir að bæta megi kennsluna, m.a. með því að verja fjármunum til annars í skólalaldinu en til reksturs. Má í því sambandi t.d. nefna kaup á fartölvum fyrir nemendur og kennara.

Það er jafnframt mat skýrsluhöfundar, verði tekin ákvörðun um að reka skólann á einum stað, eigi að reka áfram leikskóla þar sem grunnskólastarfsemin verður ekki. Leggja ber áherslu á að til þess að samrekstur grunn-, leik- og tónlistarskóla gangi sem best þarf öll starfsemin að vera í sama húsnæði.

Verði þetta niðurstaðan leggur skýrsluhöfundur til að rekinn verði sjálfstæður leikskóli þar sem sameiginlegt skólalald fer ekki fram, þ.e. annað hvort á Hafralæk eða Litlulaugum. Leikskólinn þar verði þá rekinn sem sjálfstæð eining með leikskólastjóra.

Reykjavík, í september 2014,

Haraldur L. Haraldsson,
hagfræðingur.